

STARFSÁÆTLUN AUÐARSKÓLA

2022–2023

September 2022

Lausnamiðun
Sveigjanleiki
Endurmenntun
Fjölbreyttar-kennsluaðferðir
Samrekinn-skóli
Ut anumhald
Skólinn-lítill
Mötuneyti
Aldursbil-Kennara
Eineltisteymi-virkt
Aðgengi-Fólk-Auðvelt
Foreldrasamstarf
Samvinna
Vibragðstími-Stuttur
Teymisvinna
Starfsandi
Fámenni
Samheldni
Úakvæðni



Dalabyggð
Auðarskóli

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----|
| 1. GRUNNUPPLÝSINGAR | 2 |
| 2. SKÓLAREGLUR..... | 18 |
| 3. STÖÐPJÓNUSTA | 20 |
| 4. MAT Á SKÓLASTARFI OG SKÓLAPRÓUN | 23 |
| 5. FORELDRASAMSTARF..... | 39 |
| 6. ÖRYGGISÁÆTLANIR..... | 41 |
| 7. GRUNNSKÓLI..... | 42 |
| 8. LEIKSKÓLI | 50 |
| 9. SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA | 52 |
| 10. TÓNLISTARSKÓLI | 53 |

1. GRUNNUPPLÝSINGAR

UM AUÐARSKÓLA

Auðarskóli hefur verið starfræktur frá 1. ágúst 2009, en þá voru allar skólastofnanir í sveitarfélaginu Dalabyggð sameinaðar. Undir Auðarskóla falla eftirtaldar fjórar deildir: Leikskóli, tónlistarskóli, grunnskóli og mötuneyti. Skólinn er sameiginlegur skóli og er staðsettur í Búðardal sem er eini þéttbýliskjarni sveitarfélagsins. Starfsemi skólans byggist á lögum um leik- og grunnskóla sem tóku gildi 1. júlí 2008, en þar er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að reka saman leik-, grunn- og/eða tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra.

Deildirnar starfa í þremur aðskildum húsum. Húsnæði leikskólans var byggt 2009 og þar fer öll starfsemi leikskóladeildar fram. Nemendur grunnskólans eru í húsnæði fyrrum grunnskóla Búðardals sem byggt var á árunum 1975 til 1983. Mötuneyti og tónlistarskólinn eru staðsett í Félagsheimilinu Dalabúð sem er staðsett mitt á milli grun- og leikskólans. Frá haustinu 2018 fór öll starfssemi skólans í Búðardal en íþróttakennslan fór áður fram að Laugum í Sælingsdal. Það sama haust var fjórða deildin stofnuð við skólann; þ.e. mötuneyti Auðarskóla.

Nafnið Auðarskóli var ákveðið í kjölfar nafnasamkeppni sumarið 2009. Skólinn heitir í höfuðið á landnámsmanninum Auði djúpúðgu, sem var kristin, einstæð móðir og nam stóran hluta Dalasýslu.

SKRIFSTOFA SKÓLANS

Skrifstofa skólans er staðsett í grunnskólanum, neðri hluta.

Skrifstofan er opin á skólatíma:

Á mánudögum til fimmtudaga frá kl. 8-15:30

Á föstudögum frá kl. 8-12.30.

Aðalsímanúmer Auðarskóla er: 430-4757 (skiptiborð)

Netfang skrifstofu er: ritari@audarskoli.is

Önnur símanúmer:

Aðstoðarleikskólastjóri: 430 4711

Tröllaklettur: 430 4712

Dvergahlíð: 430 4713

Mötuneyti: 430 4710

Tónlistarskóli: 430 4756

Skólaritari sér um sí mavörslu og kemur fjarvistartilkynningum til kennara. Ritari skólans er Málfríður Mjöll Finnsdóttir.

Netföng starfsmanna er að finna á vef skólans: www.audarskoli.dalir.is

HEIMASÍÐA

Ný heimasíða hefur verið tekin í notkun og er veffang hennar: <http://www.audarskoli.dalir.is>.

Veffang heimasíðu breytist um áramótin 2022-2023 aftur í <http://www.audarskoli.is>

Á haustdögum 2022 verður ný heimasíða sett upp fyrir skólann. Um leið og verið er að færa upplýsingar á milli gömlu og nýju heimasíðanna er einnig verið að uppfæra ýmsar upplýsingar. Þær koma smám saman inn eftir því sem fram líður. Umsjónarmenn heimasíðu eru skólastjóri og skólaritari og setja þeir inn efni, s.s. tilkynningar, fréttir o.fl.

SÝN OG MARKMIÐ AUÐARSKÓLA

Auðarskóli vinnur á grunni eftirfarandi gilda og stefnumiða:

- Að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi og samfélagi.
- Að skapa jákvætt andrúmsloft og vellíðan allra nemenda og starfsmanna.
- Að efla sjálfstraust, frumkvæði, sjálfstæða lífssýn og ábyrgð nemenda.
 - Að glæða þekkingaleit og stuðla að fjölbreyttu og skapandi starfi.
 - Að allir séu metnir að verðleikum og njóti skilnings og öryggis.
 - Að veita því athygli sem vel er gert með umbun og hrósi.
 - Að miða nám og mat á forsendum hvers og eins.
 - Að byggja upp nán tengsl skóla, foreldra og samfélags.

Í Auðarskóla er nemandinn í öndvegi og lögð er á það áhersla að jafnt nemendur sem starfsmenn eigi góð og gefandi samskipti. Markvisst er unnið að því að auka félagsfærni nemenda, þrautseigju, sjálfstæði og eigin getu. Víðfemt starfsumhverfi skólans krefst sveigjanlegra vinnubragða sem einkennast af víðsýni, samvinnu og umburðarlyndi. Í skólanum eiga allir að finna fyrir velvild og hlýju og vita að þar er skjól og stuðning að finna. Í námsumhverfinu er lögð áhersla á námsaga og sjálfsaga nemenda, góða umgengni og jákvæð samskipti.

Gildi Auðarskóla eru **ÁBYRGÐ, ÁNÆGJA OG ÁRANGUR** og skal skólabragurinn einkennast af þessum gildum.

SKÓLADAGUR NEMENDA GRUNNSKÓLANS

Grunnskólinn opnar kl. 8.00. Grunnskólastarf hefst alla daga kl. 8.30. Skóladegi nemenda lýkur sem hér segir: Á mánudögum kl. 14.20, á þriðjudögum og til fimmtudaga kl. 15.10 og á föstudögum kl. 12.30. Nemendur sem keyrðir eru í skólann með skólabíl koma í skólann á bilinu 8.15 til 8.25. Kennt er í 40 mín í senn.

Morgunmatur er framreiddur á mismunandi tíma fyrir nemendur; yngsta stig kl. 9.10–9.30 og fyrir miðstig og elsta stig kl. 9.50–10.10.

Hádegisverður er snæddur kl. 11.50–12.20 fyrir yngsta stig og kl. 12.30–13.00 fyrir mið- og elsta stig.

Frímínútur eru að öðru leyti frá kl. 10.50–11.10 og á bilinu kl. 13.40–13.50 fyrir yngsta stig og kl. 14.20–14.30 fyrir mið- og elsta stig.

Að degi loknum geta foreldrar barna á yngsta stigi sótt um að börn þeirra nýti lengda viðveru. Lengd viðvera starfrækt í húsakynnum leikskólans frá kl. 14.20 til 16:30 á mánudögum, frá kl. 15.10 til 16.30 á þriðjudögum til fimmtudaga og frá kl. 12.30 til 16.30 á föstudögum.

Nemendur úr dreifbýli stunda tónlistarnám sitt á skólatíma, aðrir nemendur geta bæði verið á og utan skólatíma. Nánar má sjá tilhöggun í stundatöflum frá tónlistarkennurum.

SKÓLADAGUR BARNNA LEIKSKÓLANS

Foreldrar leikskólabarna geta valið vistunartíma fyrir börnin sín á tímabilinu 7.45 til 16.30. Milli kl. 7.45 og 8.00 er móttaka fyrir börn sem nýta sér náðarkorter á undan vistunartíma. Morgunverður er framborinn á milli kl. 8.00 og 8.45. Ávaxtahressing er um miðjan morgun. Útivist allra leikskólabarna fer fram fyrir hádegi á milli kl. 10.15 og 11.30. Hádegismatur er á milli kl. 11.30 og kl. 12.15. Yngstu börnin sofa eftir hádegismat á meðan eldri börnin fást við margskonar viðfangsefni. Útivist fer einnig fram eftir hádegi. Síðdegishressing er framreidd kl. 14.30. Leikskólabörn sem nýta sér skólabíla ljúka deginum kl. 14.20 á mánudögum, kl. 15.00 á þriðjudögum til fimmtudaga, en kl. 12.30 á föstudögum. Leikskólinn er opinn til kl. 16.30.

SKÓLADAGATAL

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar grunnskólanemenda 180. Kennsludagar grunnskólanemenda í Auðarskóla eru 180. Dagar þar sem verulega er brugðið frá lengd skóladags grunnskólans skólaárið eru 2022-2023 alls 6. Þeir dagar eru skólaásetningardagur, tveir foreldrasamtalsdagar, árshátíðardagur, kaffihúsakvöldið og skólaslitadagur. Kennsla fellur niður í jóla leyfi grunnskólanemenda sem er frá og með 21. desember til og með 3. janúar. Önnur leyfi grunnskólabarna eru; vetrarfrí, 5 dagar, frá og með 31. október til og með 4. nóvember, vetrarfrí í febrúar, 1 dagur, 6. febrúar og páska leyfi er frá og með 3. apríl og til og með 10. apríl. Skipulagsdagar (starfsdagar) grunnskólans á starfstíma eru 5; 11. október, 2. janúar, 7. febrúar, 9. mars og 1. júní. Skólaslit grunnskólabarna eru 2. júní.

Leikskólinn starfar allt árið um kring að undanskildum fimm vikna sumarfrisdögum. Önnur frí falla undir lögbundna frídaga. Skipulagsdagar leikskólans á skólaárinu eru 6 og þar af 2 foreldrasamtalsdagar sem keyrðir eru samhliða foreldrasamtalsdögum í grunnskólanum: 18. og 19. ágúst, 2. janúar, og 5. júní og foreldrasamtalsdagarnir 12. október og 8. febrúar. Leikskólinn opnar 8. ágúst 2023 og er síðasti opnunardagur leikskólans á skólaárinu 30. júní 2022.

Sameiginlegur skipulagsdagur allra deilda á starfstíma grunnskólans er 2. janúar. Sameiginlegir skipulagsdagar utan starfstíma grunnskólans eru: 18. og 19. ágúst og 5. maí.

Tónlistarskólinn starfar á skólatíma grunnskólans. Skóladagatöl allra deilda má finna á nýrri heimasíðu Auðarskóla.

NEMENDAFJÖLDI

Á skólaárinu 2022–2023 verða 106 nemendur í Auðarskóla og skiptist það í 84 nemendur í grunnskóla og 22 í leikskóla.

| Börn og nemendur Auðarskóla 2022-2023 | | | | |
|---------------------------------------|---------|---------|------------|---------------------|
| Árgangur/Bekkir | Drengir | Stúlkur | Alls | Alls á hverju stigi |
| 2021 | 3 | 1 | 4 | 22 |
| 2020 | 4 | 3 | 7 | |
| 2019 | 3 | 3 | 6 | |
| 2018 | 1 | 2 | 3 | |
| 2017 | 2 | 0 | 2 | |
| 1. bekkur | 6 | 2 | 8 | 29 |
| 2. bekkur | 4 | 0 | 4 | |
| 3. bekkur | 4 | 5 | 9 | |
| 4. bekkur | 1 | 7 | 8 | |
| 5. bekkur | 8 | 3 | 11 | 23 |
| 6. bekkur | 2 | 3 | 5 | |
| 7. bekkur | 3 | 4 | 7 | |
| 8. bekkur | 5 | 5 | 10 | 32 |
| 9. bekkur | 4 | 6 | 10 | |
| 10. bekkur | 7 | 5 | 12 | |
| Samtals | | | 106 | |

STARFSMENN

STJÓRNUN

Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri

LEIKSKÓLADEILD

Stjórnun: Christine Sarah Arndt, deildarstjóri 50%, aðstoðarleikskólastjóri 50%
Alexandra Rut Jóhannsdóttir, háskólamenntaður starfsmaður BS.
Bergþóra Hólm Jóhannsdóttir, háskólamenntaður starfsmaður BA.
Íris Dröfn Brynjólfssdóttir, leiðbeinandi leikskóla
Jóhanna Lind Brynjólfssdóttir, háskólamenntaður starfsmaður B.Ed. leikskólakennarafræði
Kristrún Jónsdóttir, leiðbeinandi leikskóla
Marína Alekandersdóttir, skólaliði
Ragnheiður Helga Bæringsdóttir, háskólamenntaður starfsmaður B.Ed. leikskólakennarafræði
Renata Fáberová, háskólamenntaður starfsmaður B.S.

GRUNNSKÓLADEILD

Anna Sigríður Grétarsdóttir, sérkennari
Ágústa Rut Haraldsdóttir, stuðningsfulltrúi
Berghildur Pálmadóttir, umsjónarkennari
Bergþóra Jónsdóttir, verkefnastjóri sérkennslu
Einar Jón Geirsson, íþróttakennari
Elínborg Eggertsdóttir, skólaliði
Ernir Freyr Sigurðsson, umsjónarkennari
Fanneý Þóra Gísladóttir, skólaliði
Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir, grunnskólakennari
Guðmundur Kári Þorgrímsson, umsjónarkennari
Guðmundur Sveinn Bæringsson, tónlistarkennari
Guðrún Erna Magnúsdóttir, grunnskólakennari
Jóhanna Sigrún Árnadóttir, umsjónarkennari
Jón Egill Jónsson, íþróttá- og tómsfundafulltrúi
Jónína Kristín Guðmundsdóttir, forfallastarfsmaður
Kristján Elvar Meldal Sverrisson, umsjónarkennari
Linda Traustadóttir, textíl- og heimilisfræðikennari
María Hrönn Kristjánsdóttir, myndlistakennari
Málfríður Mjöll Finnsdóttir, ritari
Ólöf Halla Bjarnadóttir, tónmenntakennari
Rosemary Lilja Ríkharðsdóttir, stuðningsfulltrúi
Sara Kristinsdóttir, stuðningsfulltrúi
Sif Kjartansdóttir, umsjónarkennari
Sigurborg Valdimarsdóttir, stuðningsfulltrúi
Skjöldur Orri Skjaldarson leiðbeinandi
Svanhvít Lilja Viðarsdóttir, leiðbeinandi
Sædís Birna Sæmundsdóttir, stuðningsfulltrúi

TÓNLISTARDEILD

Guðmundur Sveinn Bæringsson
Ólafur Einar Rúnarsson, tónlistarkennari

MÖTUNEYTI

Katrín Lilja Ólafsdóttir, matráður
Stefnaía Anna Vilhjálmsdóttir, skólaliði
Þuríður Kristjana Bæringsdóttir, skólaliði

LENGD VIÐVERA

Marína Aleksandersdóttir

SÍMENNTUNARSTEFNA AUÐARSKÓLA

Símenntunarstefnu skólans má sjá í heild sinni á heimasíðu skólans. Samkvæmt henni er áætlun unnin sameiginlega af stjórnendum og starfsfólki um símenntun starfsfólks á hverju skólaári. Reglulega stendur skólinn fyrir fræðslufundum, námskeiðum og skólaheimsóknum. Starfsmenn eru hvattir til að sýna frumkvæði um að sækja námskeið og ráðstefnur sem þeir telja að nýtist þeim í starfi, bæði innanlands og utan skv. Símenntunaráætlun er liður í því að ná settum markmiðum Auðarskóla. Meginhlutverk símenntunar er að efla starfsfólk í núverandi starfi og gefa því tækifæri til starfsþróunar eftir því sem aðstæður leyfa. Símenntunaráætlanir eru gerðar með hliðsjón af veikleikum, styrkleikum og áherslum Auðarskóla og skilgreinir fjármögnun, skipulag og reglur símenntunar skólans. Símenntunaráætlun Auðarskóla tekur mið af starfsmanna-, umhverfis- og jafnréttisstefnu Sveitarfélagsins Dalabyggðar, svo og á annarri stefnumótun sveitarfélagsins, sem varða starfsmenn Auðarskóla. Símenntunaráætlun Auðarskóla má kynna sér betur á nýrri heimasíðu.

SÍMENNTUN OG STARFSÞRÓUN STARFSMANNA 2022-2023

| Heiti | Fjöldi klst. | Dags | Fyrir hverja | Umsjón |
|--|--------------|-------------------------------|--|--|
| Skyndihjálparnámskeið Rauða krossins | 6 klst | 18. ágúst | Alla starfsmenn Auðarskóla | Rauði krossinn- Þórunn B. Einarsdóttir |
| „Stuðningsfulltrúar og frístundaleiðbeinendur efla sig í starfi“ | 18 klst | 6 x 3 klst dreift á skólaárið | Starfsmaður með stuðning-Grunnskóli | Menntafléttan |
| Leiðsagnarnám fyrir grunnskólakennara – Fyrstu skrefin. | 36 klst | 6 x 3 klst dreift á skólaárið | Tveir kennarar-Grunnskóli | Menntafléttan |
| Málörvun með sögum og söng. | 36 klst | 6 x 3 klst dreift á skólaárið | Háskólamenntaður starfsmaður og leiðbeinandi-Leikskóli | Menntafléttan |

| | | | | |
|--|---------|------------------------|--|--|
| Lubbi finnur málbeinið | 16 klst | 16.sep | Háskólamenntaður starfsmaður og leiðbeinandi-Leikskóli | Höfundar Lubba |
| Íslenski máhljóðamælinn | 24 klst | 7.okt | Háskólamenntaður starfsmaður | Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur-Lærum og leikum með hljóðin |
| Hljóm-2 | 16 klst | Janúar 2022 | Háskólamenntaður starfsmaður | Menntamálastofnun |
| AEPS, færniþæð matskerfi (Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children) | 32 klst | 16.-17.nóv 2022 | Tveir háskólamenntaðir starfsmenn | Ráðgjafa og greiningarstöðin |
| „Tónlist er fyrir alla“ | 32 klst | 8.-9. sept | Tónlistarkennarar | KÍ |
| ADHD-Námskeið fyrir kennara | 24 klst | október | Verkefnastjóri sérkennslu | ADHD samtökin |
| ADHD-Námskeið fyrir starfsmenn-Grunnskóli | | Ótímasett | Allir starfsmenn-Grunnskóli | ADHD samtökin |
| 7 venjur - Leiðtoginn í mér | | 2022-2023 | Alla starfsmenn Auðarskóla | Franklin Covey á Íslandi |
| Fokk me - Fokk you - Fræðsla um sjálfsmynd unglunga, samfélagsmiðla og samskipti kynjanna | | Mars | Starfsmenn grunnskóla-Nemendur-Foreldrar | Andreu Marel Þorsteinsdóttur og Kára Sigurðsson |
| Námsvísar, leiðsagnarnám, samvinna og samstarf | 4 klst | 16. ágúst | 9 kennarar og leiðbeinendur-Grunnskóli | Ásgarður-Skóli í skýjunum |
| Skráningarkerfi Mentor | | Ágúst 2022 | Kennarar og leiðbeinendur-Grunnskóli | Guðrún Andrea Einarsdóttir |
| Árlegt námskeið Skólastjórafélags Íslands fyrir nýja og reynda skólastjórnendur | 16 klst | Sept 2022 og mars 2023 | Skólastjóri | Skólastjórafélag Ísland |
| Námstefna skólastjórafélags Íslands | | Október 2022 | Skólastjóri | Skólastjórafélag Ísland |
| B.Ed- Grunnskólakennarafræði | | 2022-2023 | Leiðbeinandi-Grunnskóli | HÍ |
| BA sálfræði | | 2022-2023 | Leiðbeinandi-Grunnskóli | HA |


| | | | | |
|---------------------|--|-----------|--|----|
| MT-Kennslufræði | | 2022-2023 | Leiðbeinandi-Grunnskóli | HÍ |
| MT-Kennslufræði | | 2022-2023 | Leiðbeinandi-Grunnskóli | HÍ |
| MT-Faggreinakennsla | | 2022-2023 | Grunnskólakennari | HÍ |
| MT-Kennarafræði | | 2022-2023 | Háskólamenntaður starfsmaður-Leikskóli | HA |
| MT-Sérkennarafræði | | 2022-2023 | Háskólamenntaður starfsmaður-Leikskóli | HÍ |

Skólinn stendur fyrir fræðslufundum, námskeiðum og skólaheimsóknum eftir áherslum í skólastarfinu. Foreldrafélag Auðarskóla og skólinn starfa saman og velja í samvinnu fræðslufundi og námskeið sem eiga að gagnast skólasamfélaginu í átt að betri gæðum skólaumhverfis.

Allir starfsmenn eru hvattir til að sýna frumkvæði um að sækja námskeið og ráðstefnur sem þeir telja að nýtist þeim í starfi, bæði innanlands og utan.

Áfram er unnið að þróun kennsluhátta í grunnskólanum með samþættingu námsgreina og leiðsagnarnáms að leiðarljós. Unnið er að þróun og aðlögun námsmats í skólanum út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum í hverjum árgangi. Unnið verður að innleiðingu 7 venja-Leiðtoginn í mér.

Skipurit fyrir Auðarskóla í Dalabyggð



SKÓLARÁÐ

Í Auðarskóla er sameiginlegt skólaráð fyrir leik- og grunnskóla. Lögum skv. skal starfa skólaráð í grunnskóla (lög nr. 91/2008, 8. gr.) og við leikskóla skal starfa foreldraráð (lög nr. 90/2008, 11. gr.).

Í samreknnum leik- og grunnskóla er heimilt að hafa sameiginlegt skólaráð/foreldraráð (lög nr. 91/2008, 45. gr.). Hlutverk skólaráðs er að fjalla um skólanámskrá skólans, starfsáætlun, rekstaráætlun og fleiri áætlanir sem lúta að starfsemi skólans. Einnig að fylgjast með öryggi, aðbúnaði og velferð nemenda. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endaleg ákvörðun um þær er tekin.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Í skólaráði Auðarskóla eru fulltrúar foreldra, nemenda, kennara og starfsmanna.

Skólaráð Auðarskóla 2022-2023

Sara Kristinsdóttir fulltrúi foreldra grunnskólabarna
Stefanía Björg Jónsdóttir fulltrúi foreldra grunnskóla
Kristján Ingi Arnarson, fulltrúi foreldra leikskólabarna
Kristján Elvar Meldal fulltrúi kennara og ritari
Ragnheiður Helga Bæringsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskóla
Katrín Lilja Ólafsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna.
Jasmín Hall Valdimarsdóttir fulltrúi nemenda
Ólafur Oddur Jónsson fulltrúi nemenda

DRÖG AÐ STARFSÁÆTLUN SKÓLARÁÐS AUÐARSKÓLA 2022–2023

Eftirfarandi tafla er almenn starfsáætlun fyrir skólaráð skóla til að vinna eftir og er hún aðlöguð að starfinu hverju sinni. Fundir verða kl. 15 þá daga sem fyrir valinu verða í 4 skipti yfir skólaárið.

(10. nóvember

- Funda- og starfsáætlun ráðsins
- Hlutverk skólaráðs
- Starfsreglur skólaráðs
- Viðburða- og skóladagatal 2022-2023
- Starfsáætlun og skólanámskrá.) Hefur enn ekki farið fram.

5. desember

- Kynning á fjárhagsáætlun
- Fundargerðir fræðslunefndar

13. mars

- Kynning á skóladagatali 2023-2024
- Skólaþing – undirbúningur

22. maí

- Farið yfir skólaárið
- Farið yfir innra mat

SKÓLAAKSTUR

Skólabílar keyra alla skóladaga grunnskólans skv. skóladagatali. Heimferð skólabíla er mismunandi eftir dögum: Á mánudögum er heimferð kl. 14.25, þriðjudaga til fimmtudaga kl. 15.15 og á föstudögum kl. 12.35. Á heimasíðu skólans eru nánari upplýsingar um skólaakstur Auðarskóla.

SKÓLABÍLSTJÓRAR

Skólabílstjórar árið 2022–2023 verða eftirfarandi:

Leið 1: Guðbjörn Guðmundsson

Leið 2: Jón Egilsson

Leið 3: Sólrún Ósk Jónínudóttir

Leið 4: Pröstur Leó Þórðarson

Leið 5: María Hrönn Kristjánsdóttir

Leið 6: Sigurður Hrafn Jökulsson

Leið 7: Þórður Svavarsson

Leið 8: Sigmundur H. Sigmundsson

Á allar leiðir eru skráðir varabílstjórar og getur því breyst frá degi til dags yfir skólaárið.

REGLUR UM SKÓLAAKSTUR

Skólaakstur fer fram samkvæmt reglugerð frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu nr. 656/2009.

Að öðru leyti gilda reglur sveitarfélagsins um skólaakstur í Dalabyggð.

MÖTUNEYTI

Grunnskóli: Mötuneyti grunnskóladeildar er í Dalabúð og þangað fara nemendur og starfsmenn til að matast. Þar er reiddur fram morgunmatur kl. 9:10-9:30, fyrir yngsta stig, og kl. 09.50-10.10, fyrir mið- og elsta stig, alla daga og hádegismatur kl. 11:50-12:20, fyrir yngsta stig, og 12.30-13.00, fyrir mið- og elsta stig, mán.-fim. Mælst er til þess að hálfu skólans að allir grunnskólanemendur séu í morgunmat og hádegismat þeir nemendur sem kjósa að koma með nesti að heiman borða það í mötuneytinu.

Leikskóli: Í leikskólanum er borinn fram morgunmatur kl. 08.00, hádegismatur kl. 11.30 og síðdegishressing kl. 14.30. Matast er inni á deildum skólans. Hádegismaturinn kemur úr mötuneyti Auðarskóla í Dalabúð.

Upplýsingar um vikulegan matseðil er að finna á heimasíðu skólans.

MEGINMARKMIÐ

Við matseðlagerð, hráefnisval, matreiðslu og framreiðslu er haft að leiðarljósi að maturinn sé hollur og næringarríkur, sé lystugur og henti börnunum. Við skipulag, undirbúning og útfærslu eru leiðbeiningar í Handbók fyrir skólamötuneyti sem gefin var út af Lýðheilsustöð, hafðar að leiðarljósi. Reglulega er leitað til næringarráðgjafa með leiðbeiningar, yfirllestur matseðla og aðra ráðgjöf.

HELSTU VIÐMIÐ

- Lögð er áhersla á fjölbreytni við matseðlagerð, að orku- og næringargildi einstakra máltíða sé hæfilegt og takmörkun á salti og harðri fitu.
- Stefnt er að því að fiskur sé a.m.k. vikulega á matseðli.
- Lögð áhersla á að grænmeti og ávextir séu daglega í boði.
- Velja sem oftast ferskar/frosnar vörur og velja kjötvörur með minna en 10% fitu.
- Nota reglulega grænmetis/baunarétti til tilbreytingar.
- Miða við að saltur og reyktur matur verði ekki oftast en mánaðarlega sem aðalréttur.
- Farsvörur eða naggar verði helst ekki oftast en þrisvar í mánuði.
- Við skömmtun eru börnin hvött til að smakka á mat sem þeim er framandi með áherslu á að draga úr matvæðni og einhæfni.
- Reglulega sé boðið upp á mat sem endurspeglar gamla íslenska matarhefð.

GÆSLA OG LENGÐ VIÐVERA

GÆSLA

Gæsla til skólaloka er úrræði fyrir nemendur á yngsta stigi sem eru með færri vikustundir en 37 á viku og fyrir nemendur á yngsta og miðstigi sem þurfa að bíða eftir skólabíl eftir að tímasókn þeirra lýkur. Gæslan, sem er gjaldfrjál, er fyrir öll börn í 1.–4. bekk á skólasvæði Auðarskóla og einnig fyrir börn í 5.–7. bekk sem eru í skólaakstri. Börn á miðstigi, sem búa í Búðardal fara heim þegar tímasókn þeirra líkur. Um er að ræða gæslu í allt frá 240 mínútum á viku hjá yngsta stigi niður í 40 mínútur hjá miðstigi. Skólaliðar grunnskólans annast gæsluna og er afar mikilvægt að láta gæslufólk vita ef nemandi er ekki í gæslu tiltekna daga. Hringja skal í aðalnúmer skólans 430-4757. Starfstími gæslunnar miðast við nemendadaga og því er lokað í fríum.

LENGÐ VIÐVERA

Lengd viðvera er í boði fyrir nemendur á yngsta stigi, eftir að skóla lýkur. Dvöl í lengdu viðveruna er valkostur sem foreldrar/forráðamenn geta sótt um og greiða sérstaklega fyrir. Staðsetning lengdu viðverunnar er í Fjallasal leikskólans. Umsjónarmaður lengdrar viðveru skólaárið 2021-2022 er Marina Aleksandersdóttir. Mikilvægt er að láta ritara vita ef barn sækir ekki lengda viðveru og skal þá

hringt í aðalanúmer skólans 430-4757. Starfstími gæslunnar miðast við nemendadaga og því er lokað í fríum. Þegar lengd viðvera er í gangi er hægt að hafa samband við umsjónarmann lengdrar viðveru í gsm símann:

Lengd viðvera er í boði á mánudögum frá kl. 14.30, á þriðjudögum til fimmtudaga frá kl. 15:00 og frá kl. 12:30 á föstudögum. Hægt er að velja um tvo brottfarartíma: Kl. 16:00 og 16:30. Aðeins er hægt að skrá nemendur í lengda viðveru annaðhvort í fjóra eða fimm daga vikunnar. Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda nema þau vari samfelt í viku eða lengur. Innheimt verður fyrir mánuð í senn. Starfstími lengdu viðverunnar miðast við nemendadaga grunnskólans og því er lokað í fríum. Vistun í lengdri viðveru fylgir kaffitími daglega og hádegismatur á föstudögum.

SAMSTARF VIÐ GRENNÐARSAMFÉLAGIÐ

FÉLAGSMIÐSTÖÐIN

Starf félagsmiðstöðvar færðist yfir í grunnskóla Auðarskóla á síðasta skólaári. Hefur það kallað á auknið samstarf skólans við félagsmiðstöðvarstarfið. Hlutverk félagsmiðstöðvarinnar er að bjóða börnum og unglingum á aldrinum 10 til 16 ára upp á frístundastarf þar sem aðstaða er til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi. Auk þess hefur félagsmiðstöðvarstarf forvarnargildi ásamt uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri og þroska.

Öll börn og ungmenni á aldrinum 10 til 16 eru velkomin og hvött til þátttöku í starfi félagsmiðstöðvar og er aðsetur félagsmiðstöðvar er í efri byggingu grunnskólans.

Félagsmiðstöð miðstigs er mánudaga klukkan 14:20 – 16:00

Félagsmiðstöð fyrir elsta stig er fimmtudaga frá 15:10 – 17:00

Í upphafi skólaárs er kosið í félagsmiðstöðvarráð þar sem öllum nemendum í 8.- 10. bekk er gefinn kostur á að taka sæti í ráðinu. Í félagsmiðstöðvarráðinu í vetur verða:

8.bekkur: Alexandra Agla Jónsdóttir

9.bekkur: Grétar Jónatan Pálmason

10.bekkur: Jasmín Arnarsdóttir

Dagskrá félagsmiðstöðvar er birt í íþrótt- og tómstundabæklingi Dalabyggðar og á heimasíðu Auðarskóla.

Starfsmaður félagsmiðstöðvar er Jón Egill Jónsson. Frá nóvember 2022 verður Hafrún Ösp Gísladóttir einnig starfsmaður félagsmiðstöðvar.

UNGMENNARÁÐ DALABYGGÐAR

Auðarskóli starfar með ungmennaráði Dalabyggðar. Hlutverk ungmennaráðs er m.a.

- Að veita sveitarstjórn ráðgjöf um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu.
- Að gæta hagsmuna ungs fólks, koma skoðunum þeirra og tillögum til skila.
- Að veita ungu fólki fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu og auka tengsl þeirra við stjórnkerfi sveitarfélagsins.

Stjórn ungmennaráðs skipa 4 fulltrúar; formaður, varaformaður, ritari og varamaður. Ungmennaráð er skipað til tveggja ára í senn og skipað er í helming sæta árlega. Í ungmennaráði geta orðið allir þeir sem eiga lögheimili í Dalabyggð og eru á aldrinum 14 til 20 ára.

Stefnt er að því að halda kynningarfund á hlutverki og starfi ungmennaráðs fyrir nemendur Auðarskóla á hverju hausti.

TÓNLISTARSKÓLI

Tónlistarskólinn tekur þátt í félagsstarfi Auðarskóla og vinna tónlistarkennarar með nemendum utan hefðbundins skólastarfs við hin ýmis tækifæri. Viðburðir eru m.a. skipulagðir með nemendafélagi Auðarskóla. Til stendur að halda svipaða tónleika í Dalabúð með nemendum elsta stigs og haldnir voru 30. mars á síðasta skólaári. Tónleikar voru hluti af söfnun fyrir vorferðalag nemenda.

ÍPRÓTTAFÉLAGIÐ UNDRÍ

Íþróttafélagið Undri býður upp á fjölbreytta hreyfingu fyrir börn að skóladegi loknum.

Íþróttafélagið Undri var stofnað 24. ágúst 2021. Tilgangur Íþróttafélagsins Undra er að auka og efla íþróttaiðkun barna og ungmenna í sveitarfélaginu. Markmið Íþróttafélagsins er að stuðla að auknum áhuga á líkamsrækt, hvers konar hreyfingu og heilbrigðu lífni með það að leiðarljósi að stuðla að auknum þroska og framfara fyrir einstaklinga að ná framförum á þeirra áhugasviði. Með starfinu er lögð áhersla á forvarnir og vill félagið leggja sitt af mörkum til að vinna gegn notkun tóbaks og annarra hugbreytandi efna.

Íþróttafélagið býður upp á fjölbreytt íþróttastarf og býður upp á æfingar í blaki, fótbolta, körfubolta, íþróttagrunn, fimleika og íþróttaskóla fyrir yngstu börnin.

Dagskrá tómstundastarfs er birt í íþrótt- og tómstundabæklingi Dalabyggðar og á heimasíðu Auðarskóla.

GLÍMUFÉLAG DALAMANNA

Glímufélagið býður upp á glímuæfingar í Dalabúð að skóladegi loknum. Æfingar eru á þriðjudögum fyrir 1.-4. bekk kl. 14.20, á gæslutíma skólans og kl. 15.10 til 16.30 fyrir 5.-10. bekk.

VINNUSKÓLI DALABYGGÐAR

Öll ungmenni á aldrinum 13 til 17 ára með lögheimili í Dalabyggð geta sótt um í Vinnuskóla Dalabyggðar. Vinnuskólinn hefur aðsetur í Tónlistarskóla Auðarskóla, Dalabyggð.

SLYSAVARNADEILD DALASÝSLU

Slysavarnadeild Dalasýslu og Auðarskóli starfa saman að fræðslu um slysavarnir. Á hverju ári koma félagar úr Slysavarnadeildinni í leikskólann og halda fræðslu fyrir börn varðandi hjól og hjólabúnað. Einnig standa félagar Slysavarnadeildar fyrir könnun í samstarfi við Samgöngustofu á „Öryggi barna í bíl“ þar sem kannað er notkun öryggisbúnaðar barna í bíl og notkun bílstjóra á beltum. Niðurstöður könnunar eru að finna á heimasíðu Auðarskóla.

Félagar Dalabyggðar hafa einnig gefið skólanum ýmsar gjafir og styrkt skólastarfið t.d. með veggspjöldum um öryggisatriði.

FYRIRTÆKI OG STOFNANIR

Hefð er fyrir því að börn og nemendur í Auðarskóla heimsæki fyrirtæki og stofnanir í Búðardal á öskudegi hvert ár. Börnum eru þar gefnar gjafir af ýmsu tagi að launum fyrir söng.

Nemendur elsta stigs standa fyrir happdrætti á kaffihúsakvöldi og á páskum og njóta þá m.a. velvilja ýmissa fyrirtækja í Dalabyggð.

Nemendur á ýmsum aldri hafa einnig farið í vettfangsferðir í stofnanir og fyrirtæki á skólatíma.

HEILSUGÆSLAN

Á árlegum Bangsadegi leikskólans mega börnin koma með uppáhalds bangsann sinn í leikskólann. Þá fara börnin í heimsókn á heilsugæsluna og hitta skólahjúkrunarfræðing. Hjúkrunarfræðingurinn skoðar bangsana, hjúkrar þeim og veitir veikum eða slösuðum böngsum aðhlyningu og góð bata-ráð.

RÆKATARSALUR ÓLA PÁ

Auðarskóli nýtir ræktarsal Óla Pá til íþróttakennslu hvern föstudag frá október til apríl 2023. Kennslustundir eru frá kl. 8:30 til 9:50 auk þess að 1x í mánuði verða nemendur í kennslu til kl. 11:50.

DVALARHEIMILIÐ SILFURTÚN

Auðarskóli er með samning við dvalarheimilið þar sem fram kemur hvernig samskiptum skuli háttað. Þar er kveðið á um að allar deildir skólans heimsæki heimilið reglulega. Dæmi um slíkt er að nemendur á miðstigi fara og spila félagsvist, nemendur grunnskólans í tónlistarnámi mæta til þess að spila og syngja fyrir eldri borgara. Þá heimsækir leikskólinn heimilið mánaðarlega. Samstarf Silfurtúns og Auðarskóla hefur legið niðri vegna heimsfaraldurs sl. ár. Á skólaárinu er stefnt að taka aftur upp heimsóknir nemenda á Silfurtún.

SKÓGRÆKT Í BÚÐARDAL

Auðarskóli hefur til umræða nokkurt svæði fyrir austan þorpið í Búðardal til þess að planta trjám. Það eru nemendur á miðstigi sem standa þar í gróðursetningu einu sinni á ári. Heimsóknir til fyrirtækja og stofnana. Á vegum Auðarskóla er reglulega farið í heimsóknir út í nærsamfélagið. Einnig fær skólinn reglulega heimsóknir frá aðilum samfélagsins, sem koma og fræða um eitt og annað.

STUÐNINGUR FÉLAGASAMTAKA

Félög í samfélagi Dalanna styrkja mjög reglulega hina ýmsu starfssemi skólans. Leik-, grunn- og tónlistarskóli ásamt foreldrafélagi skólans hafa fengið góðar gjafir undanfarin ár. Dæmi um félög sem styrkja skólann eru: Kvenfélagið Fjólan, Kvenfélagið Þorgerður Egilsdóttir, Lionsklúbburinn í Búðardal og Félag Sauðfjorbænda og Slysavarnadeild Dalasýslu.

2. SKÓLAREGLUR

Ath! Skólareglur eru í endurskoðun og munu taka breytingum fyrir skólaárið 2023-2024.

Auðarskóla gilda fyrir alla aðila sem að skólastarfinu koma og allsstaðar þar sem þeir eru á vegum skólans.

Námið. Við mætum stundvíslega, vel undirbúin með þau gögn sem nota skal. Við skulum vinna eins vel og við getum.

Samskipti. Skólinn er vinnustaður okkar allra, hver nemandi og starfsmaður á rétt á því að fá frið við leik og störf. Samskipti skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu og vinsemd.

Heilbrigði. Við tileinkum okkur hollar lífsvenjur. Notkun sælgætis og gosdrykkja er óheimil á skólatíma, nema í undantekningartilvikum með leyfi skólastjóra. Notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð, undir það falla t.d. rafrettur.

Skólalóðin. Nemendur yfirgefa ekki skólalóðina á skólatíma án leyfis. Við göngum um skólalóðina okkar af virðingu. Nemendur eru á ábyrgð foreldra utan skólalóðar bæði í og úr skóla nema um skólaakstur sé að ræða.

Ábyrgð. Við berum ábyrgð á eigin framkomu og munum að skólinn ber ekki ábyrgð á persónulegum verðmætum, sem komið er með í skólann. Óheimilt er að koma með í skólann þau tæki og tól sem geta valdið skaða.

Umgengni. Góð umgengni er í hávegum höfð í Auðarskóla. Við göngum vel um skólann og berum virðingu fyrir eigum hans og hvers annars. Við röðum skóm, göngum frá útifatnaði og hirðum vel um námsbækur og önnur gögn.

Ferðir. Í ferðalögum og á skemmtunum skólans eru allar reglur skólans í fullu gildi, nema annað sé tekið fram.

VERKREGLUR VARÐANDI EINSTAKA SKÓLAREGLU

Varðandi einstakar skólareglur geta viðurlög verið mismunandi og skal ávallt leitast við að viðurlög komi nemanda að sem mestu gagni við að bæta hegðun sína.

Námið: Mikilvægt er að nemandi sinni náminu af kostgæfni og er mæting og ástundun stór þáttur í því. Ef að mæting og ástundun er ábótavant er nemanda gefinn kostur á því að bæta þar úr.

Undirritaður er sérstakur samningur vegna þessa.

Samskipti: Í skólanum eru starfsmenn í verkstjórnarhlutverki og verða nemendur að hlíta tilmælum þeirra í hvívetna. Ef samskipti nemenda á milli eða milli nemenda og starfsfólks brjóta reglur um almenna virðingu í samskiptum er brugðist við samkvæmt almennum starfsreglum.

Heilbrigði: Ef nemandi verður uppvís að reykingum, neyslu eða sölu áfengis eða annarra vímuefna þarf viðkomandi að sækja fræðslu um vímuvarnir. Einnig má nemandinn eiga von á því að vera vísað úr skóla það sem eftir lifir skóladags eða lengur eftir atvikum. Gosdrykkir og sætindi eru gerð upptæk hjá nemanda á skólatíma, nema fyrir liggi sérstakt leyfi frá skólanum.

Skólalóðin: Nemendur á yngsta og miðstigi hafa ekki leyfi til að yfirgefa skólalóð nema skilaboð um það komi frá foreldrum/forráðamönnum. Ef það gerist eru foreldrar/forráðamenn látnir vita. Eldri nemendur þurfa ávallt að hafa leyfi skólans til að fara af skólalóð á skólatíma. Notkun reiðhjóla, línuskauta, hlaupahjóla og hjólabretta á skólalóð er bönnuð á starfstíma skólans vegna slyshættu.

Ábyrgð: Nemendur bera ábyrgð á þeim verðmætum sem þeir kjósa að koma með í skólann og skólinn bætir ekki tjón á þeim verðmætum. Ef komið er með vopn, eggjárn, skotelda og aðra hluti sem skaða geta valdið er slíkt gert upptækt, foreldrum og eftir atvikum lögreglu gert viðvart og viðkomandi getur átt á hættu að vera rekinn úr skóla það sem eftir lifir skóladags eða lengur eftir atvikum.

Umgengni: Ef nemandi er uppvís að slæmri umgengni eða sóðaskap þarf hann að þrifa eftir sig. Nemendur skulu ávallt ganga frá útifatnaði og skóm í andyrum skólans. Ef nemandi veldur viljandi eða með hirðuleysi skemmdum á eignum skólans eða annarra má hann búast við því að þurfa að bæta skaðann.

Ferðir: Skólareglur gilda í skólabílum og öllum ferðalögum á vegum skólans. Gerist nemandi sekur um alvarlegt brot á reglum skólans eða landslögum hvar sem hann er staddur á vegum verður hann, í samráði við skólastjóra, sendur heim á kostnað forráðamanna sinna. Annað starfsfólk, skólabílstjórar og eftir atvikum aðrir kennarar komi upplýsingum um brot til umsjónarkennara svo þeir geti skráð brotið hjá sér. Við alvarleg og ítrekuð brot á skólareglum getur þurft að grípa til tímabundinnar brottvísunar úr skóla, brottvísunar úr einstökum greinum eða brottvísunar um lengri tíma meðan leitað er úrlausnar mála. Um brottvísun úr einstökum greinum eða brottvísunar í lengri tíma en nemur einum skóladegi gilda ákvæði stjórnsýslulaga. Þar sem viðbrögð við brotum á agareglum eru samvinnuverkefni foreldra/forráðamanna og skóla væntir Auðarskóli þess að foreldrar/forráðamenn verði í góðu samstarfi með að framfylgja skólareglum og viðurlögum við þeim. Við meðferð agabrota er varða landslög er lögreglu og félagsmálayfirvöldum gert viðvart eftir atvikum.

3. STOÐÞJÓNUSTA

Við Auðarskóla er ekki starfandi skólaskrifstofa, sem sér um sérfræðiþjónustuna, heldur eru ráðnir verktakar/starfsmenn til þess að sinna ákveðnum lögbundnum þáttum hennar.

NEMENDARVERNDARRÁÐ

Við skólann starfar nemendaverndarráð. Í reglugerð 444/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemenda og nemendaverndarráð í grunnskólum segir að skólastjóri grunnskóla samræmi innan hvers grunnskóla og leikskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, náms- og starfsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs skv. 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Jafnframt skal skólastjóri stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda eða nemendahópa eftir því sem þurfa þykir.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Í nemendaverndarráði sitja skólastjóri, skólasálfræðingur, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri sérkennslu. Aðrir aðilar eru kallaðir inn eftir þörfum. Ráðið fer yfir og metur umsóknir um stoðþjónustu og kemur erindum í farveg sem leiðir til lausna. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa. Fundað er að jafnaði á mánaðarfresti þegar skólasálfræðingur kemur til vinnu. Ábyrgðaraðili er skólastjóri.

SÉRKENNSLA

Meginmarkmið með sérkennslu er að stuðla að alhliða þroska nemenda, bæði andlegum og líkamlegum. Leitast er við að ná þessu markmiði með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi.

Sérkennsla getur falið í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og kennsluaðferðum. Hún er skipulögð í lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans. Sérkennsla einstakra nemenda eða hópa fer fram innan eða utan almennra bekkjardeilda.

Gerðar eru námsáætlanir fyrir alla nemendur sem eru með greindan námsvanda. Áætlanirnar eru gerðar í upphafi skólaárs. Kennarar sem annast sérkennslu bera ábyrgð á gerð námsáætlana í samráði við umsjónarkennara og ræða þær við foreldra í fyrra foreldraviðtali vetrarins.

Einstaklingsnámskrá er námsáætlun fyrir einstakling þar sem markmiðin eru fyrst og fremst sniðin að þörfum hans en taka þó mið af markmiðum árgangsins. Einstaklingsnámskrá getur falið í sér námsáætlun í mörgum námsgreinum fyrir sama einstakling eða einungis áætlun í einni grein. Þegar um mikil frávík frá skólanámskrá er að ræða koma sérkennari, umsjónarkennari og foreldrar að gerð slíkra áætlana í upphafi hvers skólaárs. Sérkennari sér um að útfæra áætlunina og bera hana undir samþykki foreldra. Þá eru haldnir fundir reglulega þar sem farið er yfir gang mála í námi og líðan nemandans og gerðar tillögur að áherslubreytingum.

SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA

Skólasálfræðingur Auðarskóla kemur reglulega til starfa í skólanum. Mál er varða þroska og hegðun heyra undir hans sérfræði. Sálfræðiþjónusta (greining og ráðgjöf) gagnvart einstökum nemendum er gerð í kjölfar beiðni, sem þarf að gera á þar til gerðu eyðublaði sem fæst í skólanum. Forráðamenn barna, starfsmenn leik- og grunnskóla, félagsþjónustu og heilsugæslu geta átt frumkvæði að athugun og greiningu á einstökum nemendum. Beiðnir fara í gegnum deildarstjóra leikskóla og/eða stjórnendur skólans.

TALMEINAFRÆÐINGUR

Mál er varða málþroska og framburð eru hluti stoðþjónustu. Foreldrar eða skóli leggja inn beiðni til verkefnastjóra sérkennara um þjónustu á greiningu talmeina. Beiðnir fara í gegnum deildarstjóra leikskóla og/eða stjórnendur skólans. Í þeim tilfellum þegar nemandi þarfnast talþjálfunar eru foreldrar upplýstir um talmeinafræðing og er foreldrum bent á þátttöku Sjúkratrygginga Íslands í kostnaði vegna slíkrar þjálfunar. Fyrirtækið Trappa ehf. hefur verið í samvinnu við skólann þegar kemur að talþjálfun og er boðið upp á fjarþjálfun.

GREININGAR Á NÁMSÖRÐUGLEIKUM

Verkefnastjóri sérkennslu ásamt sálfræðingi sinna sérkennsluráðgjöf og greina námsvanda auk þess að veita ráðgjöf til skóla og heimil varðandi nám og kennslu. Beiðnir um greiningu fara í gegnum umsjónarkennara og sérkennara skólans. Sérkennari sinnir fyrstu lestrar- og stærðfræðigreiningum í skólanum.

FÉLAGSPJÓNUSTA

Samningur við Borgarbyggð um félagsþjónustu og þjónustu í barnaverndarmálum rennur út 31. desember 2022. Undir þann samning falla fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf, félagsleg liðveisla og annar stuðningur við fatlað fólk og fjölskyldur fatlaðra barna, leyfisveitingar vegna daggæslu í

heimahúsum og barnavernd. Fulltrúi félagsþjónustunnar er á hálfsmánaðarfresti til viðtals í stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar. Upplýsingar um komudaga eru á www.dalir.is

LAUSNALEIT

Undanfarin átta ár hefur verið unnið með verkefnið „Lausnaleit“ í Auðarskóla. Þar er unnið með einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir byggðar á virknimati sem er lausnamiðað ferli til að takast á við fjölþættan vanda, þ.e. náms- og hegðunarlegum hjá nemendum. Þessi vinna byggir á atferlisgreiningu. Ef foreldrar vilja sækja um að komast í þetta ferli fer það í gegnum sérfræðiþjónustu skólans.

HEILSUGÆSLA

Heilsugæsla skólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd og hluti af heilsugæslunni. Skólaheilsugæslan leitast við að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Skólahjúkrunarfræðingur vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda. Farið er með slíkar upplýsingar sem trúnaðarmál. Skólahjúkrunarfræðingur Auðarskóla er Þórunn Björk Einarsdóttir. Netfang: thorunn.einarsdottir@hve.is

REGLUBUNDNAR SKOÐANIR OG BÓLUSETNINGAR

Heilsufarsskoðanir fara fram í 1., 4., 7. og 9. bekk. Skoðunin felur í sér sjónpróf, hæðar- og þyngdarmælingu auk fræðslu og viðtals um lífsstíl og líðan. Bólusetningar eru í 7. og 9. bekk 7. b. Mislingar, rauðir hundar og hettusótt (ein sprauta) og HPV gegn leghálskrabbameini hjá stelpum (2 sprautur á 6 mánuðum) 9. b. Mænusótt, barnaveiki, stífkrampi og kíghósti (ein sprauta). Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef ástæða þykir til. Ef líkur eru á að barnið sé ekki að fullu bólusettt þá eru foreldrar hvattir til að hafa samband við skólaheilsugæsluna.

FRÆÐSLA/FORVARNIR

Skólahjúkrunarfræðingur sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu í öllum bekkjum skólans. Aðaláherslan er á 6H heilsunnar en hugmyndafræðin byggir á því að hugsa vel um heilsuna og fyrirbyggja þannig sjúkdóma. 6H heilsunnar eru: Hreyfing, hvíld, hamingja, hreinlæti, hugrekki og hollusta. Skólahjúkrunarfræðingur sinnir einnig kynfræðslu í efri bekkjum skólans þar sem farið er yfir kynþroskann, kynheilbrigði, kynsjúkdóma, getnaðarvarnir ofl. Börn og foreldrar geta leitað eftir ráðgjöf og stuðning skólahjúkrunarfræðings hvenær sem þurfa þykir yfir skólaárið.

4. MAT Á SKÓLASTARFI OG SKÓLAPRÓUN

Um mat á skólastarfi grunn- og leikskóla er kveðið á í lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um leikskóla nr. 90/2008). Samkvæmt lögnum er matinu ætlað eftirfarandi hlutverk:

- A. Veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.
- B. Tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár skóla.
- C. Auka gæði náms og stuðla að umbótum.
- D. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu samkvæmt lögum.

Mat á skólastarfi í leik- og grunnskóla er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og kallast innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat. Mat á skólastarfi á að leiða af sér aukin gæði skólastarfs og betri námsárangur. Það snýst fyrst og fremst um að bæta nám og velferð nemenda, námsárangur og námsaðstæður með markvissri skólaþróun og starfsþróun kennara og annarra starfsmanna. Tilgangur matsins er að kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Það á við nám og námsárangur, eflingu fagmennsku starfsfólks og yfirsýn skólasamfélagsins á gæðum og árangri starfsins.

Í Auðarskóla er lögð áhersla á að innra starf skólans sé metið með kerfisbundnum hætti með virkri þátttöku nemenda, foreldra og starfsmanna eftir því sem við á. Innra mat Auðarskóla er að jafnaði byggt á blandaðri aðferðafræði, þ.e byggt á eigindlegri og megindlegri aðferðafræði. Við gagnaöflun er mikil áhersla lögð á að innra matið byggi á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Við gagnaöflun í matsferlinu er gert ráð fyrir því, eftir því hvaða matsþættir eiga í hlut, að innra matsteymi geti að hluta nýtt sér gögn úr ytra mati, s.s. niðurstöður samræmdra prófa, mætingarskráningar og önnur opinber og skráð gögn.

YTRA MAT

Starf grunnskóladeildar Auðarskóla var metið með ytra mati í október 2020. Ytra mat felur í sér eftirlit með og stuðning við skólastarf. Meginstef ytra mats er að það sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skólastarfi. Leiðarljósið er ávallt nemandinn, réttur hans og þarfir. Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati á leik- grunn- og framhaldsskólum fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í ytra mati felst að matsaðilar Menntamálastofnunar leggja mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi viðmiðum sem meðal annars byggja á lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Er það gert með skoðun á fyrirliggjandi gögnum um starfsemi skólans, vettvangsheimsóknum matsaðila og viðtölum við börn/nemendur, starfsfólk skóla og foreldra. Skýrsla MMS um ytra mat Auðarskóla má skoða nánar á heimasíðu skólans. Umbótaáætlun ytra mats Auðarskóla er einnig að finna á nýrri heimasíðu.

YFIRLIT YFIR STÖÐU UMBÓTA SKV. UMBÓTAÁÆTLUN YTRA MATS

Hér fyrir neðan má sjá stöðu umbóta. Grænt þýðir lokið og gult eru umbótaþættir í vinnslu.

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hefst | Lýkur | Ábyrgðar- aðili/ar | Hvernig metið? | Staðan sept 2022 |
|----------------------------|---|---|---------------------|---------------------|---------------------------|--|--|
| Stjórnun og fagleg forysta | Starfsáætlun skólaráðs þarf að gera fyrir skólaárið 2021-2022 | Skólastjóri og skólaráð vinna saman að starfsáætlun. | Oktober 2021 | Desember 2021 | Skólastjóri | Lokið/ólokið Lokið | Lokið. Starfsáætlun skólaráðs er að finna á heimasíðu skólans og starfsáætlun Auðarskóla 2022-2023 mun birtast í 28.10.2022 á nýrri heimasíðu. |
| | Skólaráð haldi formlegan fund fyrir skólasamfélagið samkvæmt reglugerð þar um. | Skólaráð, sem kosið er til tveggja ára, sji til þess að fundur verði haldinn með foreldrum á hverju skólaári. Fundargerðir skólaráðs verða birtar sem fyrst að loknum fundum. | Skólaárið 2021-2022 | Skólaárið 2023-2024 | Skólastjóri | Lokið/ólokið Lokið | Í vinnslu. Sjá starfsáætlun skólaráðs. |
| | Huga þarf að aðkomu hagsmunaaðila svo sem skólaráðs við stefnumótun skóla og sveitarfélags og kynna sýn og stefnu fyrir hagsmunaaðilum. | Skólastjóri og skólaráð gera áætlun um hvernig kynna megi sýn og stefnu skólans. Tengist innleiðingu jákvæðrar skólafærni. | Skólaárið 2021-2022 | Skólaárið 2023-2024 | Skólastjóri | Skólaráð metur/Innra mat 2023-2024 | Helst í hendur við starfsáætlun skólaráðs. Skólaráð og skólastjóri funda í nóvember 2022 og þar verður farið í innleiðingaráætlun 7 venja til handa foreldrum. |
| | Séð verði til þess að fulltrúar grenndarsamfélagsins séu virkir þátttakendur í skólaráði og á öðrum þeim vettvangi sem býðst. | Skólastjóri og skólaráð gera áætlun um að virkja íbúa Dalabyggðar til starfa í skólaráði og í öðru sem skólastarfið varðar. | Skólaárið 2021-2022 | Skólaárið 2023-2024 | Skólastjóri | Skólaráð metur/Innra mat 2021-2022 | Í vinnslu og tengist starfsáætlun skólaráðs. |
| | Samskipti við grenndarsamfélagið þurfa að vera skráð. | Skrá tengsl við grenndarsamfélags í fundargerðum skólaráðs og í starfsáætlun. | Ágúst 2021 | Desember 2021 | Skólaráð og Matsteymi | Birtist í starfsáætlun 2021-2022 | Lokið. Birt í starfsáætlun Auðarskóla 2022-2023. |
| | Huga að aðkomu hagsmunaaðila við endurskoðun skólaeigna. | Koma á rýnihóp foreldra, kennara og nemenda í samstarfi við skólaráð þar sem skólaeignir verða ákveðnar í sameiningu. | Skólaárið 2021-2022 | Mai 2022 | Matsteymi/ Skólastjóri | Lokið/ólokið - Innra mat 2021-2022 (Starfsskipulag) | Í vinnslu og tengist starfsáætlun skólaráðs. |
| | Vinna þarf með einkunnarorð og sérstöðu skólans á þann hátt að þau séu öllum hagsmunaaðilum ljós. | Gera einkunnarorð sýnilegri í starfi skólans og tengja þau enn meir markmiðum skólans og námsárangri. | Skólaárið 2022-2023 | Skólaárið 2022-2023 | Matsteymi/ Skólastjóri | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) | Í vinnslu. Unnið með kennurum grunnskólans. |
| | Gera heimasíðu aðgengilegri fyrir notendur. | Uppfæra og breyta heimasíðu. | Oktober 2021 | Mai 2022 | Skólastjóri | Lokið/ólokið | Lokið. Ný heimasíða tekin í notkun 20. október 2022. Margt efni yfirfarið og uppfært. |

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðar- aðili/ar | Hvernig metið? | Staðan sept 2022 |
|----------------------------|--|---|---------------------|------------------------------|-------------------------|---|--|
| Stjórnun og fagleg forysta | Skrá þarf mat og framgang þróunarvinnu ásamt fundargerðum og gera opinberar á heimasíðu skólans. | Fagteymi skrá mat og framgang þróunarvinnu. | Júní 2021 | Júní 2022 | Matsteymi / Skólastjóri | Matsteymi og þróunarteymi skila skýrslu - Gera grein fyrir í starfsáætlun | Í vinnslu-Eitthvað birt í starfsáætlun 2022-2023 |
| | Birta námsvísa í öllum námsgreinum. | Kennarar vinna sameiginlega að því að skila námsvísu í Mentor. | Ágúst 2021 | September 2021 | Skólastjóri | Farið yfir allar námsgreinar í Mentor. Lokið/ólókið. | Skólanámskrá verður tilbúin 27. október 2022. Námsvísar verða allir komnir inn á nýja heimasíðu 27. október og eins inn á Mentor þann dag. |
| | Gera þarf nemendur meðvitaðri um grunnþætti menntunar. | Efla þarf kynningu og umræðu á grunnþáttum menntunar meðal nemenda. Tengja og aðlaga grunnþætti í skólanámskrá og námsvísa og gera grein fyrir í starfsáætlun. | Skólaárið 2021-2022 | Skólaárið 2022-2023-Vor 2024 | Skólastjóri | Umsjónar-kennarar meta - Innra mat 2022-2023(Nám og námsárangur) | Í vinnslu |
| | Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf. | Stjórnandi setur á dagskrá heimsóknir í kennslustundir og veitir kennurum endurgjöf. | Skólaárið 2021-2022 | Mai 2022 | Skólastjóri | Innra mat 2021-2022 (Stjórnun) | Í vinnslu Unnið er að þróun kennsluhátta. M.a. Er unnið að aukinni samþætting námsgreina á elsta og miðstigi. |
| | Birta þarf símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2020-2021 á heimasíðu skólans. | Símenntunaráætlun verður birt í starfsáætlun. | Ágúst 2021 | Október 2021 | Skólastjóri | Lokið/ólókið | Lokið. Birt í starfsáætlun Auðarskóla 2022-2023. |
| | Auka þarf upplýsingasteymi á milli allra starfshópa innan skólans. | Reglulegir tölvupóstar/vikupóstar til allra starfsmanna. Nýta betur töflur í sameiginlegum rýmum. Nýta Mentor áfram til upplýsingasteymis. Minnt á ábyrgð starfsmanna á að lesa og kynna sér upplýsingar. | Skólaárið 2021-2022 | Mai 2022 | Skólastjóri | Innra mat 2021-2022 (Stjórnun) | Lokið og ávallt í vinnslu. |

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðar- aðili/ar | Hvernig metið? | Staðan sept 2022 |
|----------------------------|---|---|---------------------|---------------------|------------------------|--|---|
| Stjórnun og fagleg forysta | Stjórnendur sjái um að ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála séu skýr og virk. | Móta og skrá verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála. Skoða í samhengi við stefnur skólans s.s. eineltis- og jafnréttisstefnu. | Skólaárið 2021-2022 | Skólaárið 2023-2024 | Skólastjóri | Innra mat 2021-2022 (Stjórnun) | Í vinnslu. Áætlanir eru til endurskoðunar. Unnið með starfsfólki, skólaráði og fræðsluráði. |
| | Ígrunda þarf hvað veldur skoðun foreldra á stjórnun skólans og leita leiða til að bregðast við. | Matsteymi/Innra mat/Skólaráð og fundir með foreldrum. | Skólaárið 2021-2022 | Skólaárið 2021-2022 | Matsteymi/ Skólastjóri | Innra mat 2021-2022 (Stjórnun) | Niðurstöður Skólapúls veita upplýsingar um hvað betur má fara. |
| | Leita þarf leiða til að fá fram hugmyndir og tillögur foreldra um skólastarfið. | Matsteymi/Innra mat/Skólaráð og fundir með foreldrum. | Skólaárið 2021-2022 | Skólaárið 2022-2023 | Matsteymi/ Skólastjóri | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) | Í vinnslu. Unnið með starfsfólki, skólaráði og fræðsluráði. |
| | Gera þarf upplýsingahandbók fyrir nýtt starfsfólk. | Skólastjórnendur fara fyrir um uppfærslu móttökuáætlunar og upplýsingahandbókar. | September 2021 | Desember 2022 | Skólastjóri | Lokið/ólókið | Drög starfsmannahandbókar hefur verið send öllu starfsfólki. Lokið. |

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðar- aðili/ar | Hvernig metið? | Staðan sept 2022 |
|----------------|--|---|----------------|--------------|-------------------------------|--|---|
| Nám og kennsla | Uppfæra og samræma námsvísa á námskrárvef skólans og í Mentor. | Skólastjóri og kennarar hvers stigs bera ábyrgð á að samræma námsvísa og setja inn á Mentor. | Ágúst 2021 | Mai 2022 | Stigsteymin og matsteymi | Mánaðarlegir fundir. Sjá fundadagskrá 2021-2022. | Í vinnslu. Mun ljúka vorið 2023 og viðhaldið næstu skólaár. |
| | Kynna betur hæfniviðmið og námsmat fyrir nemendum og foreldrum. | Tryggja að nemendur séu upplýstir um hver markmið og hæfniviðmið eru fyrir hverja námsgrein á haustin. Foreldrar fá kynningu á námsmati, áætlunum og viðmiðum á hverju ári á haustfundi. Foreldrar fá einnig tölvupóst um þessi atriði á haustin. | September 2021 | Mai 2022 | Skólastjóri og allir kennarar | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) og aftur skólaárið 2025-2026. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. |
| | Gera nemendum betur grein fyrir þeim hæfniviðmiðum sem þeir standa frammi fyrir. | Tryggja að nemendur séu upplýstir um markmið og hæfniviðmið fyrir hverja námslotu. | September 2021 | Mai 2022 | Kennarar | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) og aftur skólaárið 2025-2026. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. |
| | Tilgreina í námsvísunum hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni. | Stigsteymi mótar stefnu fyrir hvert fag. Hrindir í framkvæmd, skipuleggur og birtir. | Ágúst 2021 | Mai 2022 | Stigsteymin og matsteymi | Mánaðarlegir fundir. Sjá fundaðætlun 2021-2022. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. |
| | Vinna á markvissan hátt með niðurstöður námsmats og annars mats til að auka framfarir nemenda. | Er hafið með tilkomu lestrarstefnu og stærðfræðistefnu. Aukið samráð og samtal þarf að eiga sér stað meðal kennara. | Ágúst 2021 | Mai 2022 | Stigsteymin og matsteymi | Mat á námsárangri-Samantekt. Einstaklingsmiðað nám. Innra mat (Nám og námsárangur) | Í vinnslu. Unnið með kennurum. |

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðar- aðili/ar | Hvernig metið? | Staðan sept 2022 |
|----------------|--|--|---|---------------------|------------------------------------|---|---------------------------------------|
| Nám og kennsla | Finna leiðir til að efla árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum með áherslu á stærðfræði. | Þróunarhópur um stærðfræðistefnu mótar aðgerðir til eflingar stærðfræðikennslu með árangur nemenda að leiðarljósi. Verður skoðað í samhengi við þróun nýrra samræmdra prófa. | Hófst haustið 2020 | Skólaárið 2022-2023 | Kennarar, stigsteymi og matsteymi. | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) og aftur skólaárið 2025-2026. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. |
| | Gera betur grein fyrir viðmiðum námsmats og matskvörðum í skólanámskrá. | Skýra þarf viðmið um árangur í skólanámskrá, sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni skráð og öllum aðgengileg. Námsmat sé fjölbreytt og taki mið af kennsluháttum. Tengist viðmiðum um hlutfall kennsluhátta og mati á þeim. | Endurskoðun námsmats hefst skólaárið 2021 | Skólaárið 2022-2023 | Skólastjóri og allir kennarar | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) og aftur skólaárið 2025-2026. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. |
| | Skólinn móti sér stefnu sem leiðir til fjölbreyttari kennsluhátta. | Kennarar móta og setja viðmið um hlutfall kennsluhátta og mat á þeim. | Vorönn 2022 | Ágúst 2022 | Skólastjóri og allir kennarar | Lokið/ólókið | Í vinnslu. Unnið með kennurum. |
| | Nýta betur samþættingu námsgreina til meiri fjölbreytni og nýsköpunar í kennsluháttum. | Kennarar móta fyrirkomulag um samþættingu námsgreina. Leggja þarf áherslu á að samþætting námsgreina komi skýrt fram í kennsluáætlunum. Settir hafa verið þemadagar þvert á aldursstig. | Vorönn 2022 | Vorönn 2023 | Skólastjóri og allir kennarar | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) og aftur skólaárið 2025-2026. | Lokið og vinnslu. Unnið með kennurum. |
| | Gæta að því að fram komi í verkefnalýsingum hvaða hæfniviðmið nemendur séu að vinna með hverju sinni og að gera þeim grein fyrir hver viðmið um árangur eru. | Tryggja að nemendur séu upplýstir um markmið og hæfniviðmið fyrir hverja námslotu. | September 2021 | Mai 2022 | Kennarar, stigsteymi og matsteymi. | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur-Áætlun) og aftur skólaárið 2025-2026. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. |

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðar- aðili/ar | Hvernig metið? | Staðan sept 2022 |
|----------------|--|--|-----------------|--------------|--|--|--|
| Nám og kennsla | Leggja meiri áherslu á að allir nemendur skólans fái markvissa kennslu í setja sér markmið í námi og geri það reglulega. | Auka vinnu og þjálfun nemenda í að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Kennarar miðstígs og elsta stígs kenna markvisst markmiðasetningu. Í stundatöflu er gert ráð fyrir kennslustundum í markmiðasetningu. | September 2021 | Mai 2022 | Kennarar, stígsteymi og matsteymi. | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) og aftur skólaárið 2025-2026. | Lokið og í vinnslu. Unnið með kennurum. |
| | Leggja áherslu á að nemendur fái markvissa kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif. | Gefa nemendum aukin tækifæri á að koma sjónarmiðum á framfæri t.d. í samvinnunámi, á þekkingarfundum og í nemendaráði. | September 2021 | Mai 2022 | Kennarar, stígsteymi og matsteymi. | Spurningalistar til nemenda apríl 2022 | Í vinnslu. Unnið með kennurum. |
| | Auka þarf markvisst samvinnu nemenda. | Kennarar auka þekkingu og færni sína í samvinnunámi og skipuleggi fleiri hópaverkefni. | Haustönn 2021 | Mai 2023 | Kennarar, stígsteymi og matsteymi. | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) og aftur skólaárið 2025-2026. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. |
| | Setja þarf meiri ábyrgð á nemendur varðandi val á viðfangsefnum, útfærslu á verkefnum og námsaðferðum. | Tilraun verður gerð með nemendastýrð verkefni og aukin áhersla á samvinnunám. | Haust 2021 | Ótímabundið | Kennarar, stígsteymi og matsteymi. | Innra mat 2022-2023 (Nám og námsárangur) og aftur skólaárið 2025-2026. | Í vinnslu. Unnið með kennurum. |
| | Skipuleggja betur tíma stuðningsaðila þannig að hann nýttist sem best. | Skipuleggja stundatöflur og vinnuramma stuðningsfulltrúa miðað við starfshlutfall og þörf. | Nú þegar hafið. | Vorönn 2022 | Umsjónar-kennari og verkefnastjóri sérkennslu. | Metið með samtölum og sett inn í verklysingu um sérkennslu. | Lokið. Skipulag stuðningsfulltrúa unnið af skólastjóra og verkefnastjóra sérkennslu. |

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefst | Hvenær lokið | Ábyrgðar- aðili/ar | Hvernig metið? | Staðan sept 2022 |
|----------------|---|--|---------------------|--|---|--|---|
| Nám og kennsla | Gæta þarf þess að nemendur fái þann tíma í frjálst val sem þeim ber samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. | Endurskoða fyrirkomulag valgreina reglulega og tryggja að sá tími sem tilgreindur er í viðmiðunarstundatöflu falli í skaut nemenda. | Nú þegar hafið. | Vorönn 2022 | Matsteymi/ Skólastjóri | Birt í stundatöflum og í námskrá. | |
| | Tryggja öllum nemendum skólans tónmenntakennslu í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. | Skólastjóri óskar eftir að auglýst sé eftir tónmenntakennara árlega. Yfir 60% nemenda sækja tónlistarnám í Auðarskóla. | Skólaárið 2021-2022 | Þegar tónmennta-kennari fæst til starfa. | Skólastjóri | Lokið/ólókið | Lokið. Tónmenntakennari hóf störf við grunnskólann 18. ágúst 2022. Kennsla á yngsta- og miðstígg, 1. kesta á viku allan veturinn. |
| | Huga þarf að því að nemendur í tónlistarskólanum missi ekki ávallt af kennslustundum í sama fagi. | Tónlistarkennarar og stjórnendur finna skipulag sem kemur best út fyrir hvern nemenda fyrir sig. | Nú þegar hafið. | Vorönn 2022 | Skólastjóri | Lokið/ólókið | |
| | Sjá þarf til þess að upplýsingar um ákvarðanir nefnda og ráða sem nemendur eru kjörnir í séu aðgengilegar öðrum nemendum. | Nemendur í skólaráði/nemendafélagi og öðrum ráðum kynna hlutverk sín í upphafi skólaárs. Eftir hvern fund eiga fundargerðir að vera birtar nemendum. | Skólaárið 2021-2022 | Skólaárið 2022-2023 | Skólastjóri | Lokið/ólókið | Í vinnslu. Á nýrri heimasíðu er gert ráð fyrir að fundargerðir verði settar inn f. hvert ráð. |
| | Skóða þarf niðurstöður Lesferils og finna leiðir til að efla lesfimi. | Nú þegar hafið. Að fylgja eftir áherslum í læsisstefnu skólans og leggja mikla áherslu á samvinnu heimilis og skóla. | Ágúst 2021 | Mai 2024 | Umsjónar-kennarar/ Verkefna- stjóri sérkennslu/ Skólastjóri | Samkvæmt læsisstefnu skólans 2019 Endurskoða læsisstefnu skólans/ Skólanámskrá metin í heild sinni skólaárið 2021-2022 | Lestrarfærni, kennsluhættir og samstarf við foreldra endurskoðað að vori 2023. |

| | Tækifæri til umbóta | Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta | Hvenær hefist | Hvenær lokið | Ábyrgðar- aðili/ar | Hvernig metið? | Staðan sept 2022 |
|-----------|---|---|---------------|--|---------------------------|--|--------------------------------------|
| Innra mat | Kynna formlega fyrir öllum hagsmunaaðilum innra mat skólans. | Nemendur, foreldrar og fræðslufirvöld fá sérstaka kynningu á hverju ári á niðurstöðum innra mats. | Haust 2021 | Mai 2022 | Skólastjóri | Lokið/ólokið | Unnið með skólaráði og fræðslunefnd. |
| | Skipa þarf matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur. | Efla fræðslu, ábyrgð og aðkomu nemenda og foreldra á innra mati. Kynna niðurstöður innra mats reglulega. | Vorönn 2022 | Skólaárið 2023-2024 | Matsteymi/ Skólastjóri | Nöfn og hlutverk matsteymis hvers skólaárs á að birta í starfsáætlun ár hvert. | Unnið með skólaráði. |
| | Virkja foreldra og nemendur til undirbúnings og útfærslu innra mats ásamt umbóta og þróunarvinnu. | Kalla eftir hugmyndum foreldra til að efla skólastarfið meðal annars með aðferðum innra mats. | Vorönn 2022 | Skólaárið 2023-2024 | | Innra mat 2022-2023/Innra mat 2023-2024 | Unnið með skólaráði. |
| | Meta stefnu skólans reglulega með markvissum hætti. | Stefna skólans metin reglulega, yfirferð og uppfærð. Í júní 2021 hófst innleiðing jákvæðrar skólafærni sem stefnt er að vinna eftir í framtíðinni. Í fyrstu verður sjónum beint að innleiðingu og færnivinnu meðal starfsmanna. Í kjölfarið verður færni nemenda aukin. | Júní 2021 | Símat. Þegar innleiðingu skólafærninnar lýkur og verður viðhaldið. | Skólastjóri / matsteymi | Innra mat næstu ára-Tengist mörgum þáttum í langtíma-áætlun skólans. | Unnið með skólaráði og fræðslunefnd. |
| | Tryggja þarf aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans. | Matsteymi útfærir aðkomu skólaráðs. | Ágúst 2021 | April 2022 | Skólastjóri / matsteymi | Lokið/ólokið | Unnið með skólaráði. |
| | Mat á innleiðingu jákvæðrar skólafærni (7 venjur Leiðtögin) verður sett inn í matsáætlun fyrir skólaárið 2021-2022. | Starfsmenn meta innleiðingarferlið og áhrif nýrrar stefnu. | April 2022 | Júní 2022 | Matsteymi | Spurningalistar til starfsmanna | |

SKÓLAPÚLSINN

Frá og með þessu skólaári verður skólinn formlegur þátttakandi í Skólapúlsinum. Skólapúlsinn er sjálfsmatskerfi sem skólar nota til að bæta skólastarf sitt og þróa í átt að betri gæðum. Skólapúlsinn hefur þróað og hannað samræmda spurningalista eða spurningakannanir frá árinu 2008 og verður Auðarskóli nú hluti þess. Sjálfsmatskerfi Skólapúlsins er formlegt matstæki og veitir stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er um þætti skólastarfsins.

Í gegnum þátttöku í Skólapúlsinum fær skólinn réttmæt gögn til að skilgreina einstaka þætti starfsins og vinna að áframhaldandi þróun með endurmati. Einn af kostum Skólapúlsins er m.a. að hægt verður að bera skólastarf Auðarskóla saman við aðra skóla í landinu. Val á spurningakvörðum tekur mið af íslenskum aðstæðum og er þar m.a. byggt á nýjum upplýsingum sem fengist hafa með PISA rannsóknunum á Íslandi. Sjálfvirkni sjálfsmatskerfisins tekur bæði til söfnunar og úrvinnslu gagna sem veitir skólanum rýmra svigrúm til rýni á niðurstöðum.

Frá og með þessu skólaári verða því allar spurningakannanir til nemenda, foreldra og starfsfólks frá Skólapúlsinum. Að sjálfsögðu verða einnig aðrar kannanir sendar út frá skólanum sjálfum en þær koma þá til með að einblína á afmarkaða þætti skólastarfsins.

Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum, líkt og í öllum könnunum Auðarskóla, og því verður ekki hægt að sjá hver svarar hverju. Nánari upplýsingar um sjálfsmatskerfi Skólapúlsins á www.skolapulsinn.is/um.

Helsta gagnaöflun skólans í innra mati eru viðhorfskannanir sem ná til allra hagsmunaaðila er tengjast starfsemi skólans. Á hverjum vetri eru lagðar spurningakannanir fyrir foreldra, starfsfólk og nemendur samkvæmt matsáætlun.

LANGTÍMAÁÆTLUN INNRA MATS

Hér má líta langtímaáætlun innra matsins sem ná yfir helstu viðfangsefni og verða metin m.a. með könnunum Skólapúlsins. Nær hún til loka skólaársins 2025-2026.

Ath! Vegna þátttöku í Skólapúlsi gæti þurft að endurskoða langtímaáætlun matsþátta. Hún er þó fullgild þar sem spurningalistar Skólapúls meta alla þá þætti sem fram koma í langtímaáætlun innra mats.

| Matsþættir | 2021-2022 | 2022-2023 | 2023-2024 | 2024-2025 | 2025-2026 |
|--|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| Nám og kennsla | | | | | |
| Grunnskóli | | | | | |
| Inntak náms, árangur og framfarir | | X | | X | |
| Skipulag náms og námsumhverfi | | X | | X | |
| Kennsluhættir og gæði kennslu | | X | | X | |
| Námshættir og námsvitund | | X | | X | |
| Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda | | X | | X | |
| Skóli án aðgreiningar | | X | | X | |
| Leikskóli | | | | | |
| Skipulag náms og námsaðstæður. | | X | | X | |
| Uppeldi, menntun og starfshættir. | | X | | X | |
| Leikur og nám – Lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna. | | X | | X | |
| Nám svið leikskólans. | | X | | X | |
| Leikskóli án aðgreiningar/leikskóli margbreytileikans. | | X | | X | |
| Mat á námi og velferð barna. | | X | | X | |
| Mannauður | | | | | |
| Fagmennska starfsfólks | X | | X | | X |
| Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað | X | | X | | X |
| Hlutverk leikskólakennara | | | X | | X |
| Stjórnun og fagleg forysta | | | | | |
| Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi | X | | X | | X |
| Stjórnun skólans | X | | X | | X |

| | | | | | |
|--|---|---|---|---|---|
| Faglegt samstarf | x | | x | | x |
| Skólaþróun og starfsþróun | x | | x | | x |
| Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur | x | | x | | x |
| Skólabragur | | | | | |
| Viðmót og menning í skólanum | | x | | x | |
| Velferð og líðan nemenda | x | x | x | x | x |
| Samstarf heimila og skóla | | x | | x | |

MATSÁÆTLUN SKÓLAÁRIÐ 2022–2023

Innra mat er ferli sem er viðvarandi verkefni og því lýkur aldrei. Matið þarf að vera samofið daglegu starfi og sjálfsagður hluti starfsfins. Hér er lögð fram matsáætlun fyrir skólaárið 2022–2023 og þar koma fram mun fleiri matspættir en áður líkt og sjá má í töflu 4. Í ljósi nýrrar læsisstefnu og þróunar í mati á starfi Auðarskóla er nú sett fram áætlun þar sem fleiri matstæki eru nýtt í formlegt mat ásamt því að matið er betur og skýrar tengt umbótaáætlun.

| Hvenær matið | Matspættir | Gagnaöflun | Ábyrgð-Matsaðilar |
|--|--|----------------------------------|------------------------------|
| Skólabragur – Virkni – Líðan -Skóla- og bekkjarandi | | | |
| Október 2022 | Velferð og líðan barna og nemenda 2.-5. bekk | Skólapúlsinn: Nemendur 2.-5. b | Matsteymi/ Umsjónar-kennarar |
| Október 2022 | Velferð og líðan nemenda: Nemendasamtöl í grunnskóla | Einstaklings-viðtöl við nemendur | Umsjónar-kennarar |
| Feb /mars 2023 | Velferð og líðan barna og nemenda 6.-10. b | Skólapúlsinn: Nemendur 6.-10. b | Matsteymi/ Umsjónar-kennarar |
| Feb /mars 2023 | Velferð og líðan barna og nemenda | Skólapúlsinn: Foreldra-kannanir | Matsteymi |

| Stjórnun og skipulag | | | |
|----------------------|---|----------------------------------|-----------|
| Febrúar 2023 | Stjórnun og fagleg forysta: Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi-Stjórnun skólans | Skólapúlsinn: Foreldra-kannanir | Matsteymi |
| Jan-Maí 2023 | Faglegt samstarf / Skólapróun og starfsþróun | Starfsmenn-Skólaráð-Fræðslunefnd | Matsteymi |
| Jan-Maí 2023 | Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir | Starfsmenn-Skólaráð-Fræðslunefnd | Matsteymi |

| Hvenær metið | Matsþættir | Gagnaöflun | Ábyrgð-Matsaðilar |
|------------------------------------|---|--|--|
| Mannauður | | | |
| Febrúar 2024 | Mannauður: Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað | Skólapúlsinn: Starfsmenn | Matsteymi |
| Febrúar 2024 | Fagmennska starfsfólks | Skólapúlsinn: Starfsmenn | Matsteymi |
| Matsþættir skólans-Áherslur | | | |
| Apríl 2023 | Vinaliðaverkefni | Rýnihópur kennara og annarra starfsmanna | Skólastjóri |
| Apríl 2023 | Læsisstefna-Hljóm / Lesfimi | Rýnihópar kennara: Teymisfundur, kennarafundir | Skólastjóri-Verkefnastjóri sérkennslu-Umsjónarkennarar |
| Apríl 2023 | Námsmat-Lykillæfni | Rýnihópar kennara: Teymisfundur, kennarafundir | Skólastjóri og kennarar |
| Júní 2023 | Innleiðing hugmyndafræði Franklin Covey-7 venjur | Starfsmannafundur-Rýnihópar | Skólastjóri/Innleiðingarteymi |
| Júní 2023 | Yfirferð lögbundinna áætlana | Heimasíða og starfsáætlun | Skólastjóri |
| Júní 2023 | Samantekt og skýrsla innra mats birt. Umbótaáætlun og matsáætlun 2022-2023. | Samantekt á niðurstöðum og langtímaáætlun | Skólastjóri-Matsteymi |

UMBÓTAÁÆTLUN INNRA MATS

Í skýrslu innra mats frá skólaári 2020–2021 eru birtar niðurstöður matsins auk umbótaáætlunar sem lögð var fram í kjölfar þess. Hér má sjá yfirlit yfir matsþætti, aðgerðaáætlun, tímaviðmið sem umbæturnar snúast um að þessu sinni og unnið verður að.

| Matsþáttur | Helstu niðurstöður | Aðgerðir/viðbrögð | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili | Endurmat | Matstæki og viðmið |
|--------------------|---|--|----------------------|---------------|----------|--|
| Samskiptavandi-Agi | Stríðni: 2% nemenda segir oft, 11% stundum, 37% sjaldan | Bekkjarsáttmáli, skólareglur, innleiðing agastefnu | Vor 2022 og vor 2023 | Skólastjóri | Vor 2024 | Innra mat: Spurningalistar, nemendasamtöl, mat starfsfólks í lok skólaárs 2022 |
| Samskiptavandi | Vantar verklagsreglur | Móta og skrá verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála. Skoða í samhengi við stefnur skólans s.s. eineltis- og jafnréttisstefnu | Haust 2022 | Skólastjóri | Vor 2023 | Lokið/ólókið |
| Einelti | 22% foreldra segja að börn þeirra hafi oft, stundum og sjaldan verið lögð í einelti | Gera verkferla sýnilegri foreldrum. Fræðsla til starfsmanna, foreldra og nemenda. | Vor 2022 | Skólastjóri | Vor 2023 | Eineltisteymi Fræðsla Spurningakannanir Foreldrasamtöl Nemendasamtöl Mat á átaksverkefni |
| Skólabragur | Áfram unnið með markmið að bættum skólabrag. | Átak í fræðslu um samskipti, viðeigandi hegðun, samskipti á samfélagsmiðlum, áhrif eineltis, kynheilbrigði. | Allt skólaárið | Skólastjóri | Vor 2022 | Spurningalistar, nemendasamtöl, Mat á átaksverkefni í lok skólaárs 2022 |

PRÓUNARSTARF OG ÁHERSLUR Í STARFI

Skólastarf Auðarskóla er í sífelldri þróun. Á skólaárinu 2022-2023 er lögð áhersla á innleiðingu 7 venja-Leiðtuginn í mér verkefnið. Einnig er ávallt unnið að bættum skólabrag meðal nemenda. Unnið er tímabundið með nokkra þætti yfir skólaárið og eru samskipti og samskiptavandi, heilsusamlegar lífsvenjur, samskiptamiðlar og einelti meðal þess sem nemendur fá reglubundna fræðslu um.

Á elsta- og miðstigi er unnið að þróun breyttra kennsluaðferða og er þar samþætting námsgreina eitt stærsta tilraunaverkefnið. Áfram verður unnið að stærðfræðistefnu Auðarskóla en það samstarf féll að miklu leyti niður í heimsfaraldri. Stærðfræðistefnu er ætlað hið sama hlutverk og Læsisstefnu; Að tryggja samfellu í stærðfræðinámi og kennslu með skrásettum leiðum, ferlum og verkfærum. Stefnan á að vera leiðarljós nemenda, kennara og foreldra og skal markvisst unnið eftir henni. Með þátttöku Auðarskóla í Skólapúlsi er vonast til að hægt verði að þróa innra mat skólans í átt að betri nýtingu gagna í þágu aukinna gæða skólastarfs.

FAGTEYMI

INNRA MATSTEYMI

Um innra mat grunn- og leikskóla er kveðið á í lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um leikskóla nr. 90/2008). Samkvæmt lögnum er matinu ætlað eftirfarandi hlutverk:

- A. Veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.
- B. Tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár skóla.
- C. Auka gæði náms og stuðla að umbótum.
- D. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu samkvæmt lögum.

Innra mat á að leiða af sér aukin gæði skólastarfs og betri námsárangur. Það snýst fyrst og fremst um að bæta nám og velferð nemenda, námsárangur og námsaðstæður með markvissri skólaþróun og starfsþróun kennara og annarra starfsmanna. Tilgangur innra mats er því að kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Það á við nám og námsárangur, eflingu fagmennsku starfsfólks og yfirsýn skólasamfélagsins á gæðum og árangri starfsins.

Allar skýrslur um innra mat er að finna á heimsíðu Auðarskóla.

Innra matsteymi skólaárið 2022-2023:

Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri
Anna Sigríður Grétarsdóttir sérkennari
Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir grunnskólakennari

ÁFALLATEYMI AUÐARSKÓLA

Herdís Erna Gunnarsdóttir
Þórunn Björk Einarisdóttir skólahjúkrunarfræðingur
Magnús Baldursson sálfræðingur
Einar Jón Geirsson
Skjöldur Orri Skjaldarson

GEGN EINELTI – FAGTEYMI AUÐARSKÓLA

Einar Jón Geirsson
Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir
María Hrönn Kristjánsdóttir
Svanhvít Lilja Viðarsdóttir
Herdís Erna Gunnarsdóttir

STÆRÐFRÆÐITEYMI

Bergþóra Jónsdóttir
Anna Sigríður Grétarsdóttir
Sif Kjartansdóttir
Kristján Meldal
Jóhanna Sigrún
Christine Sarah Arndt

LEIÐTOGINN Í MÉR

"Velgengni vinnustaða veltur á góðri frammistöðu starfsfólks á öllum stigum. Frábær árangur krefst sameiginlegra gilda, hegðunar og færni sem samstillir hæfni einstaklinga við stefnu vinnustaðarins". Vinnustofa og fræðsla fyrir starfsmenn Auðarskóla var haldin mánudaginn 7. Júní 2021 á sameiginlegum skipulagsdegi skólans og seinni hluti vinnustofunnar var í ágúst 2021.

Á vinnustofu FranklinCovey „Grunnur árangurs: 7 venjur“ fengu starfsmenn kynningu á hugmyndafræði Leiðtogans í mér. Þáttakendur lærðu m.a..a

- Taka fulla ábyrgð á niðurstöðum.
- Koma auga á það sem skiptir mestu máli í vinnu þeirra og persónulega lífi.
- Forgangsraða og ná mikilvægustu markmiðum sínum, í stað þess að bregðast stöðugt við því sem er áriðandi.
- Vinna betur með öðrum með því að byggja upp sambönd sem grundvallast á trausti og sameiginlegum hag.
- Eiga áhrifaríkari samskipti á öllum sviðum lífs síns, þ.m.t. í hinum stafræna heimi.
- Nálgast vandamál og tækifæri gegnum skapandi samvinnu.
- Samþætta stöðugar umbætur og lærdóm.

INNLEIÐINGARTEYMI – LEIÐTOGINN Í MÉR – 7 VENJUR

Innleiðingarteymi Leiðtogans í mér skólaárið 2022-2023

- Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir formaður innleiðingarteymis
- Sif Kjartansdóttir
- Ernir Freyr Sigurðsson
- Berghildur Pálmadóttir
- Einar Jón Geirsson
- Heiða Bæringsdóttir
- Sara Kristinsdóttir

INNLEIÐINGARÁÆTLUN – LEIÐTOGINN Í MÉR – 7 VENJUR

Markmið

Ákveðið var í samráði við starfsmenn skólans, skólastjóra og sveitastjórn Dalabyggðar að innleiða *Leiðtogann í mér* á skólaárinu 2022-2023. *Leiðtoginn í mér-7 venjur til árangurs* gagnreynd aðferðafræði fyrir öll skólastig þar sem unnið er að því að skapa menningu trausts og hjálpa nemendum að bæta námsárangur sinn í samvinnu við kennara og foreldra. Aðferðin er hönnuð til að rækta og auka seiglu og leiðtogahæfni nemenda, starfsmanna og foreldra. Þessi áhrifamikla nálgun veitir nemendum, kennurum og fjölskyldum sterk tól til þess að dafna, aðlagast og eiga þátt í að móta framtíðina.

Starfsmenn Auðarskóla hafa fengið námskeið frá Franklin Covey samtökunum á Íslandi sem sjá um námskeið og ut anumhald stefnunar. Innleiðingarteymi hefur verið myndað og samanstendur af sjö starfsmönnum, einn af hverju sviði skólans. Hlutverk starfsmanna í teyminu er að vera leiðandi og hvetjandi fyrir aðra starfsmenn einnig eru þeir ábyrgðaraðilar þess að innleiðingin verði markviss og árangursrík. Markmið innleiðingarinnar er að nemendur þekki venjurnar og geti nýtt sér þær til að þekka styrkleika sína og ræða við starfsmenn um nám, hegðun. Ábyrgð og árangur. Einnig að starfsmenn þekki og noti venjurnar í sínu daglega starfi innan skólans og þegar ræða þarf við nemendur.

Innleiðingaráætlunin var gerð af starfsmönnum í teyminu á fyrsta fundi. Ákveðið var eftirfarandi:

1. Skref er að upplýsa alla um innleiðingavinnan er hafin. Skólastjóri mun senda upplýsinga tölvupóst á foreldra og forráðamenn nemenda í skólanum. Starfsmenn munu einnig fá tölvupóst þess efnis
2. Starfsmenn sækja sér upprifjunarnámskeið á netinu og læra á vefsvæðið. Á vefsvæðinu má finna fjöldan allan af greinum og verkefnum sem tengjast venjunum og innleiðingu þeirra.

3. Ákveðið var að taka fyrir eina venju í mánuði fram á vor og meðlimir í teymi hittast í lok hvers mánaðar og endurmeta hvernig gekk, hvað þarf að skoða betur og þess háttar.

4. Við lok skólaárs þarf að meta hvernig gekk og hvort markmiðum hafi verið náð. Næstu skref verða þar einnig ákveðin. Framhaldið.

Hvaða stóra árangri viljum við ná?


1. Við viljum sjá nemendur þekkja venjurnar
2. Við viljum að starfsfólk noti venjurnar þegar rætt er við nemendur t.d. um nám, árangur og hegðun
3. Við viljum sjá breytingar í hegðun nemenda þegar rætt er um tilfinningar
4. Við viljum að nemendur læri að þekkja stykleika sína

Hvernig gerum við það

1. Við þurfum að huga vel að innleiðingu hvernar venju--> að innleiðingin sé markviss
2. Við í teyminu erum leiðtogar innan skólans
3. Það er á okkar ábyrg að allir séu með !
4. Starfmenn taka upprifjunarnámskeið á leitdogginnimer.is rifja upp eina venju í mánuði
5. Fundir í vetur verða allir að hafa tíma fyrir innleiðingarumræður- hvernig gengur- hvað má gera betur ? 1

TÍMALÍNA ÁRANGURS!

Okt: Venja 1
Nóv: Venja 2
Des: Venja 3
Jan: Venja 4
Feb: Venja 5
Mars: Venja 6
Apr: Venja 7
Maí: Venjutré
Jún: Uppgjör



LÆSISSTEFNA – ENDURSKOÐUN LÆSISSTEFNU

Á vordögum 2023 verður unnið að endurskoðum læsisstefnu. Verður það unnið í samstarfi við íslenskukennara, skólaráð og fræðslunefnd.

SAMPÆTTING NÁMSGREINA

Með samþættingu námsgreina er horft til verkefna sem hafa snertifleti við margar námsgreinar. Þannig má gera námið merkingarbærara fyrir nemendur og skýra samhengi mismunandi fræðasviða. Aukin áhersla á samþættingu er í takt við áherslur aðalnámskrár. Teymið er skipað kennurum á mið- og elsta stigi. Stefna skal að aukinni samþættingu námsgreina í skólasterfinu.

5. FORELDRASAMSTARF

Niðurstöður rannsókna sýna að stuðningur foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfi skiptir miklu máli fyrir námsárangur barna og líðan. Velferð nemenda verður því best tryggð í góðu samstarfi foreldra og skóla. Markmiðið með foreldrasamstarfi er að tryggja hagsmuni nemenda með upplýsingamiðlun og samráði foreldra og skóla. Það veitir nemandanum aukið öryggi að finna gagnkvæmt traust og virðingu milli hinna fullorðnu og samræmi í gildum og væntingum heima fyrir og í skólanum.

MIÐLUN UPPLÝSINGA TIL FORELDRA

Mikil samskipti fara fram á milli foreldra og skóla með rafrænum hætti. Karellen og Mentor eru upplýsingaveitur skólans til foreldra, á leikskólastigi Karellen og á grunnskólastigi Mentor. Á Mentor fer allt námsmat fram, sem og skráning á ástundun. Upplýsingar fara einnig til foreldra með tölvupósti og/eða símtölum. Vikulokabréf eru send af umsjónarkennurum í lok hverrar viku af starfi hvers grunnskólastigs. Fréttir og tilkynningar eru einnig birtar á vef skólans.

FORELDRAFUNDIR OG FORELDRASAMTÖL

Í september fara fram foreldrafundir. Hvert stig heldur sinn fund þar sem foreldrar koma saman með deildarstjóra eða umsjónarkennara og fara yfir áætlanir vetrarins og fl. sem lítur að skólastarfinu. Á þessum fundum eru bekkjatenglar foreldrafélagsins kosnir. Foreldrasamtöl eru tvisvar sinnum yfir skólaárið. Foreldrar barna leikskólans koma í samtöl að hausti og að vori, gjarnan í september/október og aftur í mars. Foreldrar barna grunnskólans koma með börnum sínum til samtals hjá umsjónarkennara og fara yfir námsframvindu nemenda. Foreldrasamtöl í grunnskólanum fara fram í október og febrúar hvert skólaár. Gert er ráð fyrir að í tónlistarskólanum fari fram a.m.k. eitt foreldrasamtal á hverju skólaári fyrir hvern nemanda. Á skólaárinu 2022-2023 verða foreldrasamtöl grunn- og leikskóla samkeyrð; 12. október og 8. febrúar.

FORELDRAFÉLAGIÐ

Í Auðarskóla er sameiginlegt sameiginlegt foreldrafélag fyrir leik- og grunnskóla. Hlutverk félagsins er að styðja skólastarfið og efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun og velferð nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Aðalfundur félagsins er haldinn að vori ár hvert með hefðbundinni aðalfundardagskrá. Upplýsingar um fulltrúa, starfsáætlun og fundargerðir foreldrafélagsins verður að finna á heimasíðu skólans.

Stjórn foreldrafélags Auðarskóla skólaárið 2022-2023:

Hafrún Ösp Gísladóttir formaður foreldrafélags Auðarskóla .

Björt Þorleifsdóttir gjaldkeri .

Sigrún Margrét Halldórsdóttir ritar

Sólrún Ýr Guðbjartsdóttir og Sara Kristinsdóttir meðstjórnendur.

Ólafur Geir Árnason varamaður.

Sara Kristins tekur einni að sér skólaráð og Sólrún tekur að sér fræðslunefnd.

Tengiliðir foreldrafélagsins: Ragnheiður Pálsdóttir

Enn vantar tvo tengiliði.

6. ÖRYGGISÁÆTLANIR

Áætlanir skólans eru yfirfarnar og endurskoðaðar í upphafi skólaárs og eins oft og þurfa þykir.

Öryggisáætlanir og aðrar áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans audarskoli.dalir.is. Ath! Um áramótin verður veffang heimasíðu skólans aftur audarskoli.is.

7. GRUNNSKÓLI

ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI 2022–2023

- Innleiðing Leiðtögin í mér
- Innleiðing Stærðfræðistefnu
- Skapandi námsumhverfi-Samþætting námsgreina
- Styrkja og bæta innra mat - Nýta betur gögnin

TILHÖGUN KENNSLU GRUNNSKÓLANEMENDA

Kennsluáætlanir, námsáætlanir og stundaskrár nemenda eru á Mentor og hafa nemendur og foreldrar aðgang að þeim þar.

TEYMISKENNSLA

Teymiskennsla var tekin upp í Auðarskóla haustið 2014. Á skólaárinu verða starfandi þrjú umsjónarteymi kennara sem bera sameiginlega ábyrgð á námi og velferð námshópa. Teymin eru:

- Yngsta stigsteymi: 1.–4. bekkur, kennt í tveimur námshópum
- Miðstigsteymi: 5.–7. bekkur í tveimur námshópum
- Unglingastigsteymi: 8.–10. bekkur.

Í þeirri skólastærð sem Auðarskóli er hefur sýnt sig að kenna nemendum í teymum hefur ýmsa kosti. Það eykur sveigjanleika til einstaklingsmiðaðnáms og ýtir undir fjölbreyttari kennsluhætti, fremur en að vera með fámenna bekkjarhópa eða tvo árganga í samkennslu. Það bíður einnig upp á aukið faglegt samtal á milli kennara. Tveir umsjónarkennarar skipta með sér umsjón með 1. og 2. Bekkjar annars vegar og 3. og 4. bekkja hinsvegar. Gert er ráð fyrir að nemendur í 1.bekk fái tækifæri til þess að aðlagast skólanum á sínum forsendum og fá því rými í stundatöflu til þess. Samkennsla er einnig í 1. og 2 bekk og stundum er 2.-4.bekk kennt í tveimur hópum. Á miðstigi fer samkennslan eftir faggreinum og hópnum skipt í tvennt eftir því hvaða greinar eru kenndar. Á þessu skólaári er skipting hópa á miðstigi oftast þannig að 5. bekk er kennt sér og 6.-7 bekkur eru í samkennslu. Á elsta stigi er nemendum kennt eftir árgöngum í sumum fögum, stundum í tveimur hópum og stundum í þremur hópum. Margir kennarar koma að kennslu á mið- og elsta stigi og eru því kennsluteymin nokkuð fjölmenn á báðum stigum sem á að tryggja meiri yfirýn og utanumhald á nemendum og kennslu.

LÆSISSTEFNA

Þjóðarsáttmáli um læsi var undirritaður af fulltrúum allra sveitarfélaga árið 2015 og í honum skuldbinda sveitarfélög sig til þess að setja sér markvissa lestrarstefnu. Markmið með læsisstefnunni er að efla læsi í víðu samhengi, samræma kennsluhætti og námsmat milli skólastiga. Lestrarfærni er forsenda virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi en bágur lesskilningur getur haft neikvæð áhrif á námsframvindu og þar með atvinnutækifæri síðar meir. Læsisstefna Auðarskóla var gefin út í mars 2020 og á hún bæði við leikskóla- og grunnskólastigið. Læsisstefnu Auðarskóla er að finna á heimasíðu skólans.

SKÓLABÚÐIR 7. OG 9. BEKKJA

Nemendur 7. bekkjar fara í skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði í eina kennsluviku. Þar er lögð áhersla á náttúruna og hefðbundin sveitastörf. Nemendur 9. bekkjar fara í skólabúðir að Laugarvatni í eina kennsluviku. Þar er lögð er áhersla á hópefli og lífsleikni. 7. bekkur fer á Reyki dagana 13.-17. febrúar og 9. bekkur fer á Laugarvatn 17.-21. október.

UPPLESTRARKEPPNI

Upplestrarkeppni 7. bekkjar fer fram eftir áramót í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina sem er haldin á landsvísu. Sigurvegarar hennar taka þátt í Vesturlandskeppni Stóru upplestrarkeppninnar. Stóra upplestrarkeppnin fer fram 16. mars 2023.

VALGREINAR

Val í námi er hluti af skólastefnu hvers sveitarfélags og skóla. Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla skal nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi námstímans en skólar geta skipulagt mismunandi hlutfall valgreina eftir árgöngum. Tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglingsstigi er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið. Oft hefur verið í boði áhugasviðsval þar sem nemendur stýra því hvað þeir velja en sum ár eru ákveðnar valgreinar í boði.

SMIÐJUHELGAR

Sem hluti af vali eru nemendur 8.–10. bekkja með skerta stundatöflu. Til þess að uppfylla kröfur um 37 stunda tíma viðmið hefur verið farin sú leið að vera með svokallaðar smiðjuhelgar tvisvar sinnum á vetri. Skipuleggjendur smiðjuhelga er í höndum stjórnenda og starfsmanna Grunnskóla Borgarfjarðar. Fyrri helgin er í október á Kleppjárnsreykjum og seinni í apríl á Varmalandi. Nemendur 8.–10. bekkja fara eftir skóla að lokinni kennslu á föstudegi, vinna í smiðjum frá kl. 14.30–18.00, fá

kvöldmat og gista í skólanum. Á laugardegi er unnið frá kl. 9.00–14.00. Nemendur fara á milli með rútu, fram og til baka. Undanfarna vetur hafa nemendur frá Laugargerðisskóla, Grunnskóla Borgarfjarðar, Reykhólaskóla og Auðarskóla komið og tekið þátt í smiðjuhelgi. Dagskrá smiðjuhelga getur verið fjölbreytt á milli ára og geta nemendur haft áhrif á framboð valgreina. Dagskrá er send út með tveggja vikna fyrirvara. Skyldumæting er á Smiðjuhelgar.

VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ

| Námssgreinar – Námssvið | 1.-4. bekkur | 5.-7. bekkur | 8.-10. bekkur | Vikulegur kennslutími | Vikulegur kennslutími |
|---|--|--|---|---|-----------------------|
| | Heildartími í 1.-4. bekk. Minútur á viku | Heildartími í 5.-7. bekk. Minútur á viku | Heildartími í 8.-10. bekk. Minútur á viku | Heildartími í 1.-10. bekk. Minútur á viku | Hlutfall |
| Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknumál | 1.120 | 680 | 630 | 2.430 | 18,08% |
| Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál | 80 | 460 | 840 | 1.380 | 10,27% |
| List- og verkgreinar | 900 | 840 | 340 | 2.080 | 15,48% |
| Náttúrugreinar | 420 | 340 | 360 | 1.120 | 8,33% |
| Skólaþróttir | 480 | 360 | 360 | 1.200 | 8,93% |
| Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði | 580 | 600 | 360 | 1.540 | 11,46% |
| Stærðfræði | 800 | 600 | 600 | 2.000 | 14,88% |
| Upplýsinga- og tæknimennt | 120 | 160 | 80 | 360 | 2,68% |
| Til ráðstöfunar /Val | 300 | 160 | 870 | 1.330 | 9,90% |
| Alls | 4.800 | 4.200 | 4.440 | 13.440 | 100% |

Tekið úr Aðalnámskrá grunnskóla sjá, nánar hér:

http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf

SKÓLANÁMSKRÁ

Skólanámskrár Auðarskóla byggja á aðalnámskrá skólastiganna frá 2011. Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalanámskrár og tekur mið af sérstöðu hvers skóla. Í skólanámskrám er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggir á. Skólanámskrár verða hýstar á heimasíðu skólans fyrir leikskóla- og grunnskólastigin og í breyttri mynd en áður hefur verið. Þar er grunnþáttum menntunar gerð nokkur skil. Í skólanámskrá grunnskóladeildar er að finna námskrá um nám, hæfniviðmið, námsmat, lykilhæfni og kennsluhætti. Í skólanámskrá leikskóladeildar er að finna umfjöllun um nám og leik, leiðarljós, mat á starfi og tengsl við samfélagið. Þar sem námskráin er byggð á vefnum tekur hún stöðugt breytingum. Námskrár eru unnar af stjórnendum og kennurum skólans.

NÁMSMAT

Námsmat Auðarskóla fylgir aðalnámskrá grunnskóla um mat á hæfni og framförum nemenda og er unnið eftir aðferðum leiðsagnarmats. Megintilgangur námsmats er að kanna stöðu nemenda og leiðbeina þeim um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Námsmat á að veita nemendum og aðstandendum upplýsingar um námsgengi einstaklinganna. Auðarskóli leggur metnað sinn í það að námsmat sé fjölbreytt og sanngjarnt og gefi nemendum tækifæri á að sýna þekkingu sína og hæfni.

METANLEG HÆFNIVIÐMIÐ

Auðarskóli gefur nemendum einkunn eftir *metanlegum hæfniviðmiðum* í 1.-3. bekk, 5.-6. bekk og 8.-9. bekk. Notast er við matskvarða sem sýna 5 tákn þar sem notast er við *metanleg hæfniviðmið*:



Bókstafaeinkunn er gefin eftir *matsviðmiðum* í 4., 7. og 10. bekk:



Kennarar gera áætlun og stofna námslotur í Mentor þar sem sett eru fram markmið í hverri grein. Nemendur eru síðan metnir í lok áætlunar hvort þeir hafi náð settum markmiðum og fá þeir einkunn samkvæmt því í greininni. Nái nemendur ekki settum markmiðum þá gerir kennari áætlun um hvernig hægt er að bæta stöðu nemandans þannig að hann ná settum markmiðum.

MATSVIÐMIÐ

Matsviðmið ná yfir yngsta stig (1. – 4. bekkur), miðstig (5. – 7. bekkur) og elsta stig (8. – 10. bekkur) og fá nemendur einkunn miðað við matsviðmið hvers stigs fyrir sig við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Hér er tekið dæmi úr viðmiðum íslensku: Talað mál, hlustun og áhorf.

Talað mál, hlustun og áhorf

| Við lok 4. bekkjar getur nemandi: | Við lok 7. bekkjar getur nemandi: | Við lok 10. bekkjar getur nemandi: |
|---|---|--|
| <ul style="list-style-type: none"> - beitt skýrum og áheyrilegum framburði, - tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu, | <ul style="list-style-type: none"> - tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar, - tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar, | <ul style="list-style-type: none"> - flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas, - gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu, |

| TALAÐ MÁL, HLUSTUN OG ÁHORF | | |
|---|---|---|
| Þjáningu með hljóði og myndrænum tölum | Hálfmál með hljóði og myndrænum tölum | |
| Matsviðmið afháttisráðgjafar | | |
| Hálfmál er sett fram fyrir hvern nemend í háttisráðgjafar | | |
| C - háttisráðgjafar | B - háttisráðgjafar | A - háttisráðgjafar |
| Stærðing háttisráðgjafar | Góð háttisráðgjafar | Framsókn háttisráðgjafar |
| Nemandi getur fyllt mál sitt skýrt og áheyrilega með hljóði og myndrænum tölum. | Nemandi getur fyllt mál sitt skýrt og áheyrilega með hljóði og myndrænum tölum. | Nemandi getur fyllt mál sitt skýrt og áheyrilega með hljóði og myndrænum tölum. |
| Háttisráðgjafar er sett fram fyrir hvern nemend í háttisráðgjafar. | Háttisráðgjafar er sett fram fyrir hvern nemend í háttisráðgjafar. | Háttisráðgjafar er sett fram fyrir hvern nemend í háttisráðgjafar. |
| Góð háttisráðgjafar er sett fram fyrir hvern nemend í háttisráðgjafar. | Góð háttisráðgjafar er sett fram fyrir hvern nemend í háttisráðgjafar. | Góð háttisráðgjafar er sett fram fyrir hvern nemend í háttisráðgjafar. |
| Framsókn háttisráðgjafar er sett fram fyrir hvern nemend í háttisráðgjafar. | Framsókn háttisráðgjafar er sett fram fyrir hvern nemend í háttisráðgjafar. | Framsókn háttisráðgjafar er sett fram fyrir hvern nemend í háttisráðgjafar. |

Í matsviðmiðum er sett fram markmið í þremur dálkum fyrir hverja grein með mismunandi markmiðum. Kennarar vinna að þessum markmiðum með nemendum og meta hvenær og hvaða hæfni er náð. Hér er tekið dæmi um matsviðmiðum í íslensku 8.–10. bekk.

Kennarar merkja í dálka þegar hæfni er náð. Við lok 10. bekkjar fá nemendur þá einkunn sem við á. Fylli nemandi allan dálkinn við C hæfni þá fær hann C og svo frv. C+ og B+ eru nemendur sem eru alveg á mörkum þess að fá B eða A. Dæmi um slíkan nemanda gæti verið líkt og sést á mynd hér að neðan.

Í öllum grunnskólum eru nemendur sem stunda ekki nám sitt samkvæmt matsviðmiðum grunnskóla. Þeir stunda nám sitt miðað við námskrá sem er í samræmi við sérþarfir hvers og eins. Við námsmat skal skilgreina

einkunn þessara einstaklinga með stjörnu *. Þannig fá nemendur A*, B* osfrv. í samræmi við markmið sem gerð voru. Koma skal fram á útskriftarskírteini hvað liggur á á bak við einkunn og skal því fylgja einstaklingsnámskrá sem skýrir út stöðu nemandans sem gerir innritun í framhaldsskóla auðveldari og fær þá nemandi nám við hæfi þar. Hvað segir einkunnin um stöðu nemenda? Gera má ráð fyrir að þeir sem ná B eða hærra í einkunn við lok grunnskóla í íslensku, ensku, stærðfræði og dönsku hafi náð hæfniviðmiðum námskrár og geti hafið nám í framhaldsskóla á þrepi 2.

MÓTTAKA NEMENDA

Auðarskóli leggur áherslu á að nýir nemendur og foreldrar fái hlýjar móttökur þegar komið er í skólann. Móttökuáætlun nýrra nemenda er að finna á heimasíðu Auðarskóla.

HEIMANÁM

MARKMIÐ MEÐ HEIMANÁMI

Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur skýrt fram að foreldrar og forráðamenn beri frumábyrgð á uppeldi barna sinna en jafnframt stendur þar að þeir þrír hópar sem mynda skólasamfélagið (nemendur, starfsfólk skólans og foreldrar) vinni vel saman. Einn þáttur þessarar samvinnu er heimanám. Heimanám er einn þáttur í daglegu lífi skólabarna þar sem foreldrar/forráðamenn fá tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna (samskiptatæki) og styðja við bakið á þeim (stuðningur, skipulag, hvatning, námstækni, ábyrgð). Þar sem vel hefur tekist til með heimanám hafa rannsóknir sýnt að það getur haft jákvæð áhrif á persónuþroska og námsárangur og því er mikilvægt að góð samvinna ríki á milli heimilis og skóla. Markmið með heimanámi er:

- Að nemendur þjálfí og rifji upp það sem kennt hefur verið í skólanum,
- að nemendur verði sjálfstæðir í vinnubrögðum,
- að nemendur öðlist aukna færni í að undirbúa sig fyrir skólann,
- að veita foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að taka þátt og fylgjast með námi barna sinna.

NÁMSÁÆTLANIR OG HEIMALESTUR

Námsáætlanir eru sendar heim og/eða settar inn á Mentor. Á vikuáætlunum kemur fram áætluð vinna nemenda, heimanám, ýmsar upplýsingar og tilkynningar. Foreldrar hafa ávallt aðgang að námsáætlunum á Mentor. Til að byrjendur ná góðum árangri í lestri er mjög mikilvægt að lesa upphátt heima alla virka daga (raddlestur). Við upphaf lestrarnáms er góð regla að lesa hverja

blaðsíðu að minnsta kosti tvisvar sinnum. Slík þjálfun gefur barninu aukna færni í lestri orðmynda, auk þess sem lesturinn verður oftast þjálli þegar sami texti er lesinn öðru sinni. Lesið er í áheyrn fullorðins og kvittað er fyrir áheyrn í þar til gerð kvittanahefti. Áhersla er lögð á að nemendur fái efni við hæfi svo að lesturinn verði sem ánægjulegastur. Að lesa fyrir börn er góður grunnur fyrir allt nám. Foreldrar eru hvattir til að lesa áfram upphátt fyrir börn sín, jafnvel þó þau séu sjálf farin að lesa. Flest börn ráða einungis við mjög léttan texta í byrjun, en hafa þörf fyrir að vinna með flóknari texta sem fellur betur að þroska þeirra og áhuga. Lestur foreldra og umfjöllun um textann, eykur orðaforða barnanna og bætir málþroska, en góður málþroski er einmitt einn af grunnþáttum alls náms líkt og lesa má um í læsisstefnu Auðarskóla. Læsisstefna Auðarskóla er að finna á heimasíðu Auðarskóla.

NEMENDAFÉLAGIÐ

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla skal nemendafélag í grunnskólum m.a. vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Stjórn nemendafélagsins er skipuð nemendum úr elstu bekkjum skólans. Nemendur ákveða sjálfir með hvaða hætti er skipað í stjórn.

Stjórn nemendafélags Auðarskóla skólaárið 2022-2023

Formenn: Jasmín Hall Valdimarsdóttir og Kristín Ólína Guðbjartsdóttir

Fulltrúar 10. b.: Ólafur O. Jónsson og Kristín Ó. Guðbjartsdóttir. Varamenn: Elna Rut Haraldsdóttir og Svanur Þórarinnsson.

Fulltrúar 9. b.: Baldur Valbergsson og Benóní M. Kristjánsson. Varamenn: Grétar J. Pálmason og Davíð Bartoszek.

Fulltrúar 8. b.: Alexandra Agla Jónsdóttir og Þórarinn Páll Þórarinnsson. Varamenn: Viktor Bjarni Arnarsson og Kristjana Maj Hjaltadóttir.

Umsjónarmenn félagslifsins: Berghildur Pálmadóttir og Guðmundur Kári Þorgrímsson
umsjónarkennarar elsta stigs.

SKIPTING FÉLAGSLÍFSINS

Félagslífið skiptist í megindráttum í tvennt. Annarsvegar er um að ræða félagslíf sem umsjónarkennarar skipuleggja og getur það verið bekkjarkvöld, árshátíð og námsvöku eldri nemenda. Hinsvegar er það félagslífið sem nemendafélagið stendur fyrir undir stjórn umsjónarmanns skólans og eru það diskótek, fjáraflanir ýmisskonar, kynningar, kaffihúsakvöld og fl.

HLUTVERK UMSJÓNARAÐILA FÉLAGSLÍFS

Umsjónarmaður félagslífsins heldur utan um starfsemi nemendafélagsins og á reglulega samskipti við umsjónarkennara um starfsemi félagsins. Hann vinnur undir stjórn skólastjóra. Umsjónarmaður fundar reglulega með stjórn félagsins og vinnur með þeim að uppákomum og skipulagi á félagslífi skólans. Hann hefur umsjón með dansleikjum, atburðum og einstaka ferðum á vegum skólans.

HELSTU ATBURÐIR Í FÉLAGSLÍFI NEMENDA

- Safnanir fyrir ferðalög
- Kaffihúsakvöld á aðventu í Dalabúð
- Skólabúðir samstarfsskóla í 7. bekk á Reykjum
- Skólabúðir samstarfsskóla í 9. bekk á Laugarvatni
- Miðstigsleikar í Borgarnesi
- Árshátíð
- Dansleikur fyrir miðstig
- Lokaferðalag eldri nemenda (þriðja hvert ár er farið erlendis)
- Bekkjarkvöld

8. LEIKSKÓLI

Skóladagatal, dagskipulag og aðrar hagnýtar upplýsingar er að finna í foreldrahandbók leikskólans og á nýrri heimasíðu Auðarskóla.

ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI 2022–2023

- Innleiðing Leiðtoginn í mér
- Stærðfræðistefna
- Útikennsla og opinn efniviður
- Aukin þekking og starfsþróun starfsmanna á skimunartækjum
- Aukin þekking og starfsþróun starfsmanna á kennslufni og tækjum

SKÓLADAGUR NEMENDA LEIKSKÓLANS

Foreldrar leikskólabarna geta valið vistunartíma fyrir börnin sín á tímabilinu 7.45 til 16.30. Milli kl. 7.45 og 8.00 er móttaka fyrir börn sem nýta sér náðarkorter á undan vistunartíma. Morgunverður er framborinn á milli kl. 8.00 og 8.45. Ávaxtahressing er um miðjan morgun. Útivist allra leikskólabarna fer fram fyrir hádegi á milli kl. 10.15 og 11.30. Hádegismatur er á milli kl. 11.30 og kl. 12.15. Yngstu börnin sofa eftir hádegismat á meðan eldri börnin fást við margskonar viðfangsefni. Útivist fer einnig fram eftir hádegi. Síðdegishressing er framreidd kl. 14.30. Leikskólabörn sem nýta sér skólabíla ljúka deginum kl. 14.20 á mánudögum, kl. 15.00 á þriðjudögum til fimmtudaga, en kl. 12.30 á föstudögum. Leikskólinn er opinn til kl. 16.30.

DAGSKIPULAG LEIKSKÓLA AUÐARSKÓLA

- Kl. 7.45 - Leikskólinn opnar
- Kl. 7.45 – 8.00 Róleg stund
- Kl. 8.00 – 8.45 Morgunmatur
- Kl. 8.45 – 10.00 Hópastarf / Ávaxtastund
- Kl.10.00 – 11.30 Hópastarf / Útivist
- Kl.11.30 – 12.00 Hádegismatur
- Kl.12.00 – 13.00 Svefn / Samverustundir
- Kl.13.00 – 15.00 Svefn / Útivist / Hópastarf
- Kl.14.30 – 15.00 Síðdegishressing
- Kl.15.00 – 16.30 Frjáls leikur / Útivist
- Kl.16.30 - Leikskólinn lokar

LYKILVIÐMIÐ STARFSFÓLK

Með börnum:

- Við tölum við börnin í þeirra hæð og erum í augnsambandi við þau.
- Við gefum barni tækifæri á að gera sjálf það sem það hefur hæfni til.
- Við mætum börnunum af nærgætni í samskiptum og tölum ekki niður til þeirra.
- Við tökum vel á móti börnunum að morgni og komum til móts við þarfir þeirra.
- Við sitjum og leikum með barninu á gólfinu og veitum því athygli.
- Við notum hlýlega rödd í samskiptum við börnin.
- Við veitum börnum öryggi með reglulegri og hlýlegri líkamssnertingu.
- Við mætum tilfinningum sem koma upp; mismunandi tilfinningar eiga rétt á sér.
- Við hvetjum börn til að virða hvert annað í daglegum samskiptum.
- Við mætum öllum margbreytileika einstaklinga.

Sín á milli:

- Starfsfólk mætir ávallt hvert öðru með opnum hug og samstarfsvilja.
- Starfsfólk samhæfir reglur og vinnubrögð sín.
- Starfsfólk ber virðingu fyrir vinnustað sínum og starfsfélögum.
- Starfsfólk hrósar hvert öðru, styður og byggir upp (enginn vex af vantrausti).

FORELDRAHANDBÓK

Foreldrahandbók leikskóla Auðarskóla veitir foreldrum upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans. Góð samvinna starfsmanna leikskólans og foreldra er grunnur að velferð barnsins og þannig fær barnið notið leikskóladvalarinnar eins og kostur er. Handbókin er góður leiðarvísir þar sem allar mikilvægustu upplýsingarnar komi fram um starfsemi leikskólans og er hana að finna á heimasíðu skólans; audarskoli.dalir.is.

Veffang heimasíðu breytist um áramótin 2022-2023 aftur í <http://www.audarskoli.is>

9. SAMSTARF LEIK- OG GRUNNSKÓLA

Í Auðarskóla er markvisst samstarf á milli deilda. Leikskólinn og grunnskólinn eiga í nánu samstarfi allt skólaárið. Nemendur í elsta árgangi leikskólans og 1. bekkjar grunnskólans hittast í sameiginlegum kennslustundum, einu sinni í viku, allt skólaárið. Markmið samstarfs deildanna er að tryggja samfellu í námi nemenda og öruggan flutning nemenda milli skólastiga. Að hausti eru kennslustundir skipulagðar og er markmiðið m.a. að börnin kynnist umhverfi skólans og öðlist öryggi á nýjum vettvangi en einnig að börnin viðhaldi vinatengslum sem áður var til stofnað.

Einnig koma nemendur 7. bekkjar og lesa fyrir nemendur leikskólans í sérstökum stundum, einu sinni í viku hver nemandi, og hefjast þær stundir yfirleitt upp úr Degi íslenskrar tungu. Það er talið vera góður undirbúningur fyrir „Stóru upplestrarkeppnina“.

Í nóvember fara tveir elstu árgangar leikskólans í danskenslu sem er einnig í boði alla nemendur grunnskólans. Kennslan stendur yfir í sex daga samfelld, eina kennslustund á dag, sem endar með danssýningu á lokadegi.

10. TÓNLISTARSKÓLI

ÁHERSLUR 2022–2023

- Foreldrasamtöl
- Starfrækt verður hljómsveit
- Mætingaskráningar
- Samstarf grunnskóla og tónlistarskóla-Viðburðir

SKÓLADAGATAL TÓNLISTARSKÓLANS

| | | | |
|-----------------------|-----------------------------|------------------|-----------------------|
| 18., 19. og 22. ágúst | Skipulagsdagar | 2. jan. | Skipulagsdagur |
| 24. ágúst | Kennsla hefst | 6. feb | Vetrarfrí |
| 11. okt | Skipulagsdagur | 7. feb | Skipulagsdagur |
| 12. okt | Foreldrasamtalsdagur | 8. feb | Foreldrasamtalsdagur |
| 25. eða 27. okt | Miðannartónleikar | 9. mars | Skipulagsdagur |
| 31. okt-4. nóv | Vetrarfrí | 14. eða 16. mars | Miðannartónleikar |
| 13. eða 15. des | Jólatónleikar | 30. mars | Árshátíð Auðarskóla |
| 16. des | Síðasti kennsludagur f. jól | 1. til 10. apríl | Páskafrí |
| 17. til 2.jan | Jólafrí til | 24. og 25. maí | Vorferðalög |
| | | 30. maí | Lokatónleikar og próf |

MEGINMARKMIÐ

Meginmarkmið fyrir tónlistarnámi skiptast í þrjá flokka: Uppeldisleg markmið, leikni- og skilningsmarkmið og samfélagsleg markmið. Uppeldisleg markmið stuðla að auknum tilfinningaþroska nemenda, listrænum þroska, mótun viðhorfa, samvinnu og ögun. Leikni- og skilningsmarkmið stuðla einkum að aukinni færni og þekkingu nemenda. Samfélagsleg markmið stuðla að þátttöku í fjölbreyttari mennta- og menningarstarfsemi.

Markmið tónlistardeilar Auðarskóla:

- Stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar.
- Búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur
- Stuðla að auknu tónlistarlífi.
- Að samþætta tónlistarstarfssemi tónlistardeildar, leikskóla og grunnskóla

- Nota og þróa samþætt kennsluefni í tónlistarforskóla, tónmenntakennslu og hljóðfæranámi.

NÁMSFYRIRKOMULAG

Kennsla í tónlistarskólanum fer að mestu fram á skólatíma. Miðað er við að nemendur sem koma með skólabílum stundi tónlistarnám sitt á skólatíma í grunnskólanum, það er frá því að skólabílar koma kl. 8.30 og þar til skólabílar fara kl. 15.10. Nemendur sem eru búsettir í Búðardal geta verið í tímum utan starfstíma skóla en aldrei lengur til klukkan 17.00. Til þess að svo megi verða eru nemendur að jafnaði teknir úr kennslustundum í grunnskólanum en einnig eru notaðar gæslustundir hjá yngstu nemendum.

VERKLAGSREGLUR

1. grein

Tónlistardeild Auðarskóla er sérstök deild innan Auðarskóla og lýtur stjórn skólastjóra. Skólastjóri fer með daglega stjórnun deildarinnar og ber ábyrgð á henni. Skólastjóri skal framfylgja samþykktum fræðslu- og menningarnefndar. Hann hefur umsjón með húsnæði og eignum skólans. Skólastjóri skal ráða starfsfólk deildarinnar, ganga frá vinnuskýrslum starfsmanna til launafulltrúa, árita reikninga vegna rekstrar og innkaupa. Skólastjóri kemur fram fyrir hönd deildarinnar gagnvart starfsmönnum, nemendum og foreldrum þeirra svo og aðilum utan skólans. Næsti yfirmaður skólastjóra er sveitarstjóri.

2. grein

Kennsla í tónlistardeildinni fer eftir Aðalnámskrá fyrir tónlistarskóla hverju sinni.

Markmið tónlistardeildarinnar er að:

- Stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar.
- Búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur.
- Stuðla að auknu tónlistarlífi í skólanum og samfélaginu öllu.
- Að veita 6 - 9 ára gömlum börnum tónmenntarnám og fornám í hljóðfæraleik.
- Að samþætta tónlistarstarfssemi tónlistardeildar, leikskóla og grunnskóla.
- Nota og þróa samþætt kennsluefni í tónlistarforskóla, tónmenntakennslu og hljóðfæranámi.

3. grein

Starfstími deildarinnar er 35 vikur og skal tengjast eins og kostur er starfstíma og skóladagatali grunnskóladeildar. Námsárið í tónlistardeildinni skiptist niður í tvær annir; haustönn og vorönn með skil um áramót. Deildinni er ætlað að sinna nemendum Auðarskóla.

4. grein

Starfsemi tónlistardeildarinnar takmarkast við tvö stöðugildi tónlistarkennara. Leitast er eftir að við deildina starfi menntaðir tónlistarkennarar. Framboð á tónlistarnámi helst í hendur við kunnáttu og getu starfsmanna hverju sinni.

5. grein

Innritun í tónlistardeildina fer fram í ágúst ár hvert og þurfa nemendur að vera fullgildir nemendur í Auðarskóla. Foreldrar geta valið um að hafa nemendur í heilu námi, hálfu námi og hópatímum. Við innritun gilda eftirfarandi innritunarreglur og forgangs röðun:

1. Því lengra tónlistarnám að baki því meiri forgangur.
2. Nemendur í 5. - 10. bekk ganga fyrir.
3. Nemendur í heilu námi ganga fyrir nemendum í hálfu námi.
4. Nemendur sem ítrekað hafa hætt námi á miðri námsönn mæta afgangi við innritun.

6. grein

Kennsla í tónmennt fyrir 1. - 4. bekk samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og fornám í hljóðfæraleik/forskóli fer fram í grunnskólanum undir umsjón tónlistarkennara úr tónlistardeild Auðarskóla.

7. grein

Allir nemendur í einstaklingstímum frá 5. bekk sækja einnig hópatíma í tónfræði. Nemendum er ætlað að taka þátt í tónfundum, hljómleikum og samspili með öðrum tónlistarnemendum.

8. grein

Tvisvar á ári er frammistaða nemenda metin. Annarsvegar í skólaprófum í desember og hinsvegar í lokamati í maí. Tvisvar á ári eru foreldrar boðaðir í viðtal hjá tónlistarkennara og skulu foreldradagar grunnskólans notaðir til viðtalanna.

9. grein

Deildin innheimtir námsgjöld fyrir heilt nám, hálf nám og nám sem fram fer í hópi. Gjöldin fara eftir gjaldskrá sveitarfélagsins hverju sinni. Nemendur/forráðamenn bera kostnað af bókakaupum er varða hljóðfæranám og/eða tónfræðinám. Hætti nemandi í námi á miðri önn, skal innheimta fyrir hvern hafinn mánuð í námi. Bækur fengnar í upphafi annar greiðist að fullu. Falli tónlistarnám niður í lengri tíma en 10 daga samfellt vegna veikinda nemanda dregst það tímabil frá innheimtu gjalda.

10. grein

Nemendur geta leigt hljóðfæri af Tónlistardeildinni. Skal þá gerður samningur þar um og fer leiga eftir gjaldskrá sveitarfélagsins hverju sinni.